



**SKOÐUN** Áhyggjufullir læknanemar skrifa ráðherra bréf vegna LÍN. **16**



**MENNING** Ægir Sverrisson les með hreim víkinganna eins og á 12. öld. **22**



**LÍFIÐ** Íslenska hljómsveitin Mammút skrifar undir hjá útgáfurisa. **34**



**SPORT** Strákarnir okkur náðu í dýrmætt stig gegn Serbíu ytra. **30**

Til hvers að flækja hlutina?

**LIFÐU Í NÚLLINU!**

**365**

365.is  
Sími 1817

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

4. maí 2015  
103. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

**FRÉTTIR**



**Óboðnir gestir**  
Jón Lárusson á Selfossi segist ósáttur við gesti gistiheimilis sem mynda inn í garðinn hans. **2**

**Stál í stál** Fulltrúar stéttarfélaganna segja atvinnurekendur ekki hlusta á nein rök og því stefna í frekari verkföll. Formaður VG segir stjórnvöld þurfa að koma til skjalanna. **4**



**Testamentið í Vogunum** Móðir barns í Stóru-Vogaskóla er ósátt við að fulltrúum Gídeonfélagsins hafi verið leyft að dreifa Nýja Testamentinu í skólanum. Ekki trúboð heldur mistök segir skólastjórinn. **6**

**Vanhæfi ekki skoðað** Forseti Alþingis telur ekki ástæðu til að kanna hæfi þingmanns sem á eiginkonu sem mun fá makrílkvóta samkvæmt nýju frumvarpi. **8**



**Púsundir í sjávarháská** Á síðustu dögum hefur 5.800 flóttamönnum verið bjargað af manndrápsfleytum á Miðjarðarhafi. **10**



**2 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Fólk



## Dæmt að bann við blóðgjöf homma brjóti mannréttindi

Dómur Evrópudómstólsins segir að blátt bann við blóðgjöf kunni að brjóta í bága við Mannréttindaskrá ESB. Löggjöfin byggir á tilskipun sem er hluti af EES-samningnum og því gætu sömu sjónarmið átt við hér á landi.

**MANNRÉTTINDAMÁL** Í síðustu viku féll dómur hjá Evrópudómstólum í svo kölluðu Léger-máli þar sem segir að blátt bann í franskrí lög-gjöf við blóðgjöf samkynhneigðra kunni að brjóta í bága við Mannréttindaskrá ESB, þar sem mis-munur byggð á kynhneigð er bönnuð.

Í dómnum kemur fram að endanlegt svar velti á því hvort bannið virði meðalhöfsregluna. Það þýðir að bann við blóðgjöf eigi ekki að ganga lengra en þörf er á til að tryggja almannaheil-brigði. Slíkt bann gæti staðist ef ekki er hægt að koma í veg fyrir

mikla áhættu á smiti með nútíma-tækni eða ef faraldur HIV-smits hjá samkynhneigðum er í sam-félaginu.

Samkynhneigðum karlmönnum er bannað að gefa blóð á Íslandi og voru þau lög sett vegna alnæmis-faraldurs snemma á níunda ára-tugnum.

Varla er hægt að tala um far-aldur HIV-smits hjá samkynh-neigðum á Íslandi í dag en árið 2014 smituðust tíu af HIV á Íslandi og samkvæmt nýjustu tölum um dreifingu veirunnar smitast HIV í 38 prósentum tilfella vegna kyn-maka samkynhneigðra karlmanna,

sem er sama hlutfall og smitast vegna kynmaka gagnkynhneigðra.

Dr. Gunnar Þór Pétursson, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir að til grundvallar í málinu liggja frönsk löggjöf sem byggir á ESB-tilskipun sem einnig sé hluti af EES-samningnum.

„Þannig má segja að sambærileg sjónarmið kynnu að geta komið til skoðunar hér á landi. Hins vegar þarf að hafa í huga að Mannréttindaskrá ESB, sem í málinu gegnir lykilhlutverki, er ekki hluti af EES-samningnum. Sú staðreynd skapar ákveðna togstreitu í EES-réttinum sem enn hefur ekki verið leyst úr



„Þannig má segja að sambærileg sjónarmið kynnu að geta komið til skoðunar hér á landi.“

Dr. Gunnar Þór Pétursson

fullkomlega – sérstaklega þar sem EFTA-ríkin hafa enn ekki tekið afstöðu til stöðu Mannréttinda-skrárinnar í EES-réttinum.“ - ebg



**DRAUMABYRJUN NÝLIÐANNA** Leiknir þreytti frumraun sína í efstu deild í gær og gerði sér lítið fyrir og skelti Valsmönnum á Vodafone-vellinum að Hlíðarenda, 3-0. Kolbeinn Kárason og Sindri Björnsson, sem skoruðu fyrstu tvö mörk Leiknis, fagna hér ásamt Brynjari Þór Hlíðverssyni (11). Valsmaðurinn Sigurður Egill Lárusson virðist hins vegar kvalinn yfir óföllum sinna manna í leiknum en alls fóru fjórir leikir fram í fyrstu umferð nýs tímabils í Pepsi-deildinni í gær. **Sjla síðu 30** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**0 kr. Nova í alla!**

1.000 mínútur  
500 SMS/MMS

2.990 kr. í áskrift

**Hvað borgar þú á mánuði?**


**Komdu til Nova og lækkaðu símreikninginn!**

Það kostar ekkert að flytja númerið til Nova.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

**NOVA**

## VEÐUR



**Nánast sama veðrið og var í gær.** Áfram smávegis el norðan og austan til, en fyrir sunnan og vestan er lítið lát á sólinni og líklega tilefni til að minna á sólarvörn á þeim slóðum.

**SJÁ SÍÐU 20**

## Selfyssingur hefur fengið sig fullsaddan af glápi og myndatökum gesta í gistiheimili í næsta húsi: Býður bæjarfulltrúum að skipta á heimili

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það er eitt að hafa nágranna sem maður þekkir, eða fjöldann allan af alls konar fólki sem maður þekkir ekki neitt,“ segir Jón Lárusson, íbúi á Selfossi sem sendi bæjaryfirvöldum bréf vegna ónæðis af gestum á gistiheimili í næsta húsi.

„Maður kannast við það sjálfur að þegar komið er inn á hótélherbergi þá fer maður í gluggann og horfir út. Í þessu gistiheimili er það garðurinn okkar sem gestirnir horfa á. Þegar svo ónæðið eykst, svo ekki sé talað um myndatök, þá er einfaldlega mælirinn fullur,“ segir Jón.

Þótt fólk hafi tekjur af ferðaþjónustu segist

Jón telja það vera hlutverk sveitastjórnar að gæta hagsmuna íbúanna. „Bæjarráð telur að þau atvik sem athugasemdirnar líta að séu ekki þess eðlis að gengið sé gegn grenndarétti nágranna,“ var hins vegar svarið frá bænum.

„Ef sveitarstjórnin telur þetta ekkert mál og enga truflun, þá erum við tilbúin að skipta á fasteign við hvaða sveitastjórnarfulltrúa sem er í sumar. Það ætti ekki að vera neitt vandamál fyrir þau að taka boðinu, þar sem þetta er ekkert ónæði og að því er virðist fullkomlega eðlilegt að teknar séu myndir af fólki og heimilum þeirra,“ segir Jón Lárusson. -gar



**GAGNKVÆM MYNDATAKA** Jón Lárusson tók á dögunum mynd af fólki sem tók myndir inn í garð hans.

MYND/JÓN LÁRUSSON



### RÚSTIR EINAR

Konan stendur hér fyrir framan hús sitt sem hrundi í skjálftanum.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Enn er leitað í rústunum í Nepal en fjölmargra er saknað: Mikil eyðilegging og örvænting

**NEPAL** Fórnarlamb jarðskjálftans í Nepal stendur fyrir utan húss síns. Húsið hrundi í jarðskjálftanum í síðustu viku. Mörg hús og byggingar í höfuðborginni eyðilögðust í skjálftanum sem var 7,8 að stærð og fleiri minni eftirskjálftar fylgdu í kjölfarið. Að minnsta kosti 7.000 létu lífið og enn er fólks leitað í rústunum.

-vh / sjá síðu 10

## 200 tonn af efni í sjóinn: Spilliefni í sjó við Kostaríka

**KOSTA RÍKA** Yfirvöld í Kostaríka hafa lýst 100 kílómetra strandlengju við ríkið sem neyðarsvæði eftir að flutningaskip fullt af spilliefnum sökk síðastliðinn laugardag.

Skipið var að flytja um 200 tonn af ammóníumnítrati í áburðar- og sprengiefnaframleiðslu.

Yfirvöld hafa ráðlagt fólki frá því að synda í sjónum og stunda veiðar á meðan áhrif spilliefnanna á lífríki sjávar eru könnuð.

Almannavarnir Kosta Ríka hafa gefið út myndefni sem sýnir dauða fiska á floti sem gætu hafa látist vegna lekans.

-srs

## Ánægður með undirtektir: Yfir 27 þúsund skrifa undir

**STJÓRN MÁL** „Þetta eru ótrúlega góðar undirtektir. Það er greinilegt að þetta hefur hitt í mark,“ segir Bolli Héðinsson, einn þeirra sem standa að undirskriftasöfnun á vefnum Þjóðareign. Yfir 27 þúsund manns höfðu ritað nafn sitt í undirskriftasöfnunina á níunda tímanum í gærkvöldi. Vefsíðan hafði þá verið í tvo og hálfan sólarhring í loftinu.

Í stuttu máli má segja að skorad sé á Ólaf Ragnar Grímsson forseta Íslands að vísa í þjóðaratkvæðagreiðslu makrílfrumvarpi Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra.

-jhh



**MÆÐGURNAR** Snæfríður segist ekki vilja fara með rútu í skólann. „Það er frekar skrítið, ég á ekki að þurfa að fara í þessa þjónustu. Ég get alveg séð um þetta sjálf,“ segir Snæfríður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Einangrar sig frekar en að fara í rúttunni

Snæfríður Ingadóttir er lögblind en fær ekki leigubílaþjónustu. Foreldrarnir stefna Kópavogsbæ vegna málsins. Móðir hennar segir einnig skort á skilningi í grunnskólanum en Snæfríður er til dæmis skilin eftir þegar bekkurinn fer í ferðir.

Snæfríður Ingadóttir er sjónskert og skilgreind sem lögblind. Foreldrar hennar eru orðnir langþreyttir á úrræða- og skilningsleysi sem Snæfríður mætir vegna fötlunarinnar. Fjölskyldan býr í Kópavogi og hefur nú ákveðið að stefna bænum vegna skorts á þjónustu.

„Þegar það er mikil birta úti, snjór eða sólskin, þá er Snæfríður nánast alveg blind og getur ekki farið ferða sinna sjálf. Þá þurfum við að skutla henni í og úr skóla, í tómsundur og félagslíf. Ef hún byggir í öðru sveitarfélagi hefði hún rétt á leigubílaþjónustu eins og aðrir lögblindir. En það er ekki í boði hér í Kópavogi,“ segir Ragnhildur Bjarkadóttir, móðir Snæfríðar.

Snæfríði hefur verið boðið að taka rútu með börnum sem eru í námsveri í skólanum, sem eru sérstök úrræði. Snæfríður gengur aftur á móti í almennan bekk enda afbragðs námsmaður. „Hún vill ekki þiggja far með rúttunni. Hún myndi frekar sleppa því og einangra sig enda er erfitt fyrir unglingsstúlkuna á viðkvæmstu árum sínum að vera sett í hóp með börnum sem stríða við annars konar fötlun. Það þarf að sniða þjónustuna að hennar þörfum en

ekki láta hana laga sig að þeirri þjónustu sem er í boði fyrir aðra. En það á alltaf að láta eitt ganga yfir alla þá sem eru fatlaðir.“

Ragnhildur segir Kópavogsbæ ekki hafa boðið upp á neinar samræður og því hafi þau foreldrarnir ákveðið að fara hina lögbundnu leið. Hún segir skólasögu Snæfríðar einnig hafa oft einkennt af skilningsleysi og skorti á viðleitni. Í skólanum skorti oft svigrúm til að taka Snæfríði eins og hún er.

„Skóli án aðgreiningar er fallett á blaði en það skilar sér ekki alltaf í framkvæmd. Það er farið í ferðir án þess að hugsa um hvernig hægt sé að sniða ferðina að þörfum Snæfríðar og hefur komið fyrir að hún geti ekki farið með. Síðastliðin ár hefur Snæfríður setið í handavinnutímum og mjög oft upplifað að ekki sé komið til móts við þarfir hennar. Hún situr í landafræðitíma í heilán klukkutíma án þess að vera með því hún sér ekki á landakortið. Það eru til svo mörg dæmi sem sýna okkur að þarna vanti ákveðna viðleitni.“

Ragnhildur segir að samstarfið við skólastjórnann hafi verið gott í gegnum tíðina en þau hafi síður mætt skilningi af hálfu kennaranna, enda séu kröfur á kennara

„Hún situr í landafræðitíma í heilán klukkutíma án þess að vera með því hún sér ekki á landakortið. Það eru til svo mörg dæmi sem sýna okkur að þarna vanti ákveðna viðleitni.“

Ragnhildur Bjarkadóttir, móðir Snæfríðar.

ef til vill of miklar. Hún segir skorta fræðslu og upplýsingum um fötlun og þá sérstaklega um lögblindu, sem er afar sjaldgæf. Þjónusta sem börn með algengari fatlanir og raskanir fá henti Snæfríði engan veginn.

„Einfaldar beiðnir eins og að fá námsgögn við hennar hæfi hafa oft ekki komist til skila og þetta er stanslaus barátta um grundvallaratriði. Svo fær maður þau svör frá fólki sem Snæfríður þarf að eiga í samskiptum við, alls staðar í samfélaginu, að það gleymi því stöðugt að hún sé lögblind eða þá hafi ekki gert sér grein fyrir takmörkunum hennar. Maður heyrir það aftur og aftur – en er þetta gleymaska eða áhugaleysi?“

erlabjorg@frettabladid.is

# KRÓNAN

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

**AÐEINS 40 kr. STYKKIÐ** ef keypt eru 10 stk.

- annars 50 kr. stk.

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET



CAPTIVA LT  
VERÐ 5.990.000 KR.

10% ÚTBORGUN: 599.000 KR.

DÍSEL · 7 SÆTA · HLAÐINN BÚNAÐI



Billá mynd Captiva LTZ. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði. Birt með fyrirvara um texta og myndabrengli.

## FJÓRHJÓLADRIFINN OG SJÁLFSKIPTUR

Captiva er fjórhjóladrifinn og einn vinsælasti sportjeppinn á Íslandi. Hann kemur með ríkulegum staðalbúnaði og er jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Við hvetjum þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki - það margborgar sig.

- Skynvætt fjórhjóladrif
- Dísel Turbo
- 184 hestafla vél
- 7 sæta
- 17" álfelgur
- Aksturstölva
- Bluetooth samskiptakerfi

- Brekkubremsa (DCS)
- Stefnuljós í hliðarspeglum
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Aðgerðarstýri
- Rafmagn í hliðarspeglum
- Hljómflutningstæki
- USB tengi

- Fjaropnun á afturhlara
- Hiti í sætum
- Aðfellanlegir, rafdrifnir speglar
- Rafmagns handbremsa
- Eco sparnaðarstilling
- Tölvustýrð tveggja svæða loftkæling
- Led afturljós

Þetta er hluti af aukabúnaði - nánari upplýsingar á [chevrolet.is](http://chevrolet.is) | Við erum á Facebook

Opið alla virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.



Upplýsingar á [benni.is](http://benni.is) og [chevrolet.is](http://chevrolet.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
Sími: 590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

**Bilabúð Benna**  
Sérfræðingar í bílum



Bilabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Chevrolet á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bilabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skilyrt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

SPURNING DAGSINS



Bergsveinn, ertu mættur í eftirpartýði?

„Já, og sit úti í Pýskalandi og er að borða á grískum veitingastað.“

Bergsveinn Arilíusson söngvari segist hafa hætt í tónlistinni eftir margra ára stanslaust partý. Nú snýr hann aftur á svið vegna tuttugu ára afmælis hljómsveitarinnar Sóldaggar.

# Yfirlæknir segir að staða lifrabólgu smitaðra á Íslandi eigi sér ekki hliðstæðu á meðal nágrannaþjóða: Skortir tilskilin lyf fyrir lifrabólgu smitaða

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er ekki eins og við séum að tala um sjaldgæft fyrirbæri og það er algerlega óásættanlegt ástand að við getum ekki veitt þessum sjúklingum bestu meðferð,“ sagði Sigurður Ólafsson, yfirlæknir og sérfræðingur í meltingarsjúkdómum.

Hann segir að það sé með öllu óásættanlegt að fólk með lifrabólgu C fái ekki tilskilin lyf en slíkt á sér enga hliðstæðu í nágrannalöndum.

Um 200 sjúklingum sem greinst hafa með lifrabólgu C stendur einungis til boða lyf sem þykja úrelt í Evrópu og Bandaríkjunum. Lyfin eru ódýrari í innkaupum, hafa meiri aukaverkanir og töluvert minni svörun.

Sigurður sagði að lifrabólga væri algengasti lifrarsjúkdómur á Vesturlöndunum. Á Íslandi væru margir sjúklingar sem fá ekki viðeigandi meðferð en viðunandi úrræði gegn sjúkdómnum mættu vart bíða lengur.

Ólafur Baldursson, lækningaforstjóri Landspítalans, segir að sérfræðingar spítalans vildu kaupa lyfin en Sjúkratryggingar Íslands hafi hafnað því.

„Það sem skiptir mestu máli núna er að það fáiast lausn og hún fái strax. Fyrir mig sem lækni og sjúklingana mína skiptir ekki mestu máli úr hvaða vasa innan heilbrigðiskerfisins peningarnir koma, þeir þurfa bara að koma og það fljótlega,“ sagði Sigurður.



**LYFJAGJÖF** Um 200 einstaklingar hafa lifrabólgu C á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR

## Bæjarráð ítrekar samþykkt: Vilja fá mat á virði sparisjóðs

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Vestmannaeyja hefur ítrekað samþykkt bæjarstjórnar frá 1. apríl varðandi endurgjald til fyrrverandi stofnfjáreigenda Sparisjóðs Vestmannaeyja vegna samruna sparisjóðsins og Landsbankans.



**ELLIÐI VIGNISSON**

Par var óskað eftir hlutlægu mati á verðmæti Sparisjóðs Vestmannaeyja á þeim tímapunkti þegar hann var á „þvingaðan máta“ sameinaður við Landsbankann, eins og segir í samþykktinni. „Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að kalla tafarlaust eftir lögfræðilegu mati á framgöngu ríkisaðila,“ sagði meðal annars í samþykktinni. Bæjarráðið segist ekki munu tjá sig frekar um málið á meðan þessi vinna sé unnin.

## Hafa safnað nægu fé: Verslun í Hrísey tryggð áfram

**HRÍSEY** Verslunarstarfsemi í Hrísey er að öllum líkindum tryggð í nánustu framtíð eftir söfnun á meðal eyjaskegga og annarra velunnara eyjarinnar.

Í byrjun marsmánaðar leit út fyrir að verslunarrekstur í eyrni heyrði sögunni til þar sem reksturinn á Júlíabúð, eins og hún hét, stóð ekki undir sér. Nú hefur tekist að safna þeirri upphæð sem þarf til að stofna hlutafélag um nýja verslun, eða um þremur milljónum króna.

Stofnfundur hins nýja hlutafélags um verslunarrekstur í Hrísey verður næstkomandi laugardag.

- sa

# Verkföll sögð óumflýjanleg

33 sáttamál eru í vinnslu hjá ríkissáttasemjara. Lítið þokast í viðræðum stóru félaganna og verkföll vofa yfir. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, telur ríkisstjórnina frekar þvælast fyrir en að liðka fyrir samningaviðræðum.

**VINNUMARKAÐUR** 37 sáttamálum hefur verið vísað til ríkissáttasemjara á þessu ári. Þar af er þrjátíu og þremur málum ólókíð hjá embættinu og ekkert þokast í átt að samningum stóru félaganna við Samtök atvinnulífsins.

Á Alþingi í dag verður rætt um þá stöðu sem upp er komin á vinnumarkaði og er Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, málshefjandi. Yfirvofandi verkföll eru Katrínu áhyggjuefni. Vill hún fá upplýsingar um hvort ríkisstjórnin ætli sér á einhvern hátt að liðka fyrir samningum. Hún telur störf ríkisstjórnarinnar þvert á móti ekki hjálpa til.

„Á baráttudegi verkalyðsins var boðað afnám sérstaks raforkuskatts á álver svo dæmi sé tekið. Mér finnst að ríkið eigi að hjálpa til við samninga en ekki vera að þvælast fyrir. Stjórnvöld hafa þvert á móti hert þann hnút sem er á vinnumarkaði í dag,“ segir Katrín.

Um tíu þúsund félagar Starfsgreinasambandsins (SGS) lögðu niður störf síðastliðinn fimmtudag í fyrstu aðgerðum sínum og von er á tveggja sólarhringa vinnustöðvun á miðvikudag og fimmtudag, sem mun lama atvinnulíf á landsbyggðinni. Björn Snæbjörnsson, formaður SGS, telur útilokað að það náist að semja fyrir þann tíma.

„Það er nánast öruggt að við munum þurfa að leggja niður störf í þessari viku. Það er enginn vilji til samninga af hálfu Samtaka atvinnulífsins og samtökin vilja ekki hlusta á sanngjarnar kröfur okkar,“ segir Björn.

Stór félög launþega eru einnig líkleg til að leggja niður störf í mánuðinum. Hjúkrunarfræðingar hefja atkvæðagreiðslu í dag um verkfallsboðun og ekkert hefur miðað í samningaviðræðum Flóa-



**Í HNÚT** Kjaradeilur eru sagðar í hnút og staðan grafalvarleg. Svo víðtækar verkfallsaðgerðir sem eru í sjónmáli eru fáheyrðar í íslenskri kjarabaráttu. Helmingur launþega gæti lagt niður störf í lok mánaðarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

bandalagsins og VR við Samtök atvinnulífsins.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segist hafa miklar áhyggjur af þeirri stöðu sem upp er komin og segir að líklega muni atkvæðagreiðsla um verkfall hefjast um miðjan mánuðinn.

„Við munum á þriðjudaginn [á morgun] senda frá okkur fréttatilkynningu um þá stöðu sem upp er komin í viðræðum okkar við SA. Við höfum ekki fengið samtal við SA um kröfugerð okkar og því er okkur nauðugur sá kostur að setja málið í þennan farveg,“ segir Ólafía.

Að mati Ólafíu eru lög á verkföll ekki til þess fallin að liðka fyrir samningum. Félag hjúkrunarfræðinga hefur einnig ákveðið að kanna hug sinna félagsmanna til boðunar verkfalls.

Ólafur G. Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, segir stéttina seinþreytta til vandræða. Frá því félagið var stofnað árið 1994 hafi félagsmenn aðeins farið í verkfall í tvo heila vinnudaga árið 2001. Nú sé hins vegar ekki sé unad lengur við þau kjör sem hjúkrunarfræðingum séu boðin.

„Að morgni mánuðagsins 11. maí verður ljóst hvort við förum í

„Það er enginn vilji til samninga af hálfu Samtaka atvinnulífsins og samtökin vilja ekki hlusta á sanngjarnar kröfur okkar.“

Björn Snæbjörnsson, formaður SGS.

verkfall frá og með 27. maí. Við höfum átt þrjá árangurslausa fundi hjá ríkissáttasemjara frá því í byrjun apríl. Við sjáum þetta sem neyðarúrræði til að krefjast betri kjara,“ segir Ólafur.

sveinn@frettabladid.is



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**



**BJÖRN SNÆBJÖRNSSON**



**ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR**

**Dýsk gæði**

**Par sem ferðalagið byrjar**

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

## Christine Lagarde og Geena Davis á meðal þátttakenda í jafnréttisráðstefnu: Ráðstefnugjaldið feiknarmikið

**JAFNRÉTTISMÁL** Christine Lagarde, forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og Geena Davis leikkona verða á meðal þeirra sem taka þátt í ráðstefnunni Inspirally WE 2015 sem haldin verður í Hörpu í sumar.

Tílfni ráðstefnunnar er 100 ára afmælisár kosningaréttar kvenna á Íslandi. Ráðstefnan er alþjóðlegt samtal um bestu leiðirnar til að brúa kynjabilið.

Ráðstefnan er aðgengileg öllum sem greiða ráðstefnugjaldið en það er 750 evrur, sem jafngildir um það bil 109 þúsund íslenskum krónum. Það verð gildir til 15. maí en eftir það hækkar verðið í 950 evrur, sem jafngildir rúmum 140 þúsund krónum. Þá er fólk gefinn sá kostur á vefsíðu ráðstefnunnar að leggja einstaklingum lið sem ekki eiga næga fjármuni til að greiða ráðstefnugjaldið.

Auk Lagarde og Davis munu nokkrir íslenskir



**GEENA DAVIS**



**CHRISTINE LAGARDE**



**HARPA** Ráðstefnugjaldið er 750 evrur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stjórnámamenn taka þátt í ráðstefnunni. Þar má meðal annars nefna Jóhönnu Sigurðardóttur, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Gunnar Braga Sveinsson og Jón Gnarr.

- nej / srs

50  
FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# Petta eru ekki geim- vísindi

1. SKREF  
LÁG  
INNBORGUN

2. SKREF  
TRYGGT  
FRAMTÍÐAR-  
VIRÐI

3. SKREF  
FASTAR  
MÁNAÐAR-  
GREIÐSLUR



## Þrjú stutt skref í nýjan bíl

Kynntu þér Toyota **FLEX** hjá næsta viðurkennda  
söluaðila Toyota á Íslandi eða á [toyota.is/flex](http://toyota.is/flex)



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

## SVONA ERUM VIÐ



**10,2 prósent** kvenna á Íslandi á aldrinum 20-29 ára reyktu á árinu 2013. Það er mikil fækkun frá 1993 þegar 24,8 prósent kvenna í þessum aldurshópi reyktu.

# Hjálpræðisherinn á Íslandi á 120 ára afmæli. Áfanganum er fagnað með viðburðaríkri afmælisviku: Finnur minni fordóma gagnvart Hernum

**SAMFÉLAG** Hjálpræðisherinn á Íslandi er 120 ára um þessar mundir og er áfanganum fagnað alla þessa viku.

„Það er bullandi vöxtur núna, mikið að gerast hjá okkur út af ýmsum félagsmálum,“ segir Sigurður Ingimarsson, kaftinn hjá Hjálpræðishernum. „Við erum að vinna mjög gott starf með borginni með heimilisláusa á Granda,“ segir Sigurður. Einnig sé starfsemi í Mjódd og í Reykjanesbæ.

Í Mjóddinni er Hjálpræðisherinn með fjölskyldu- og fjölmenningssetur. „Við erum að hjálpa fólki í Breiðholti. Það byrjaði með matargjöfum, en síðan erum við að kenna útlendingum íslensku og höfum verið með ýmis námskeið, til dæmis sjálfshjálparnámskeið. Við erum að hjálpa fólki inn í samfélagið,“ segir Sigurður. Í Reykjanesbæ er Hjálpræðisherinn að vinna með hælisleitendum, til að bæta stöðu þeirra.

Sigurður segir að fólk taki

Hjálpræðishernum allt öðruvísi núna en það gerði áður. „Mér finnst það, fólk er orðið miklu opnara. Það hafa alltaf verið einhverjir fordómar í gangi í þessi 120 ár. En það hefur breyst svoltið því hér einu sinni var staðan hjá mönnum í Hjálpræðishernum þannig að þeir voru dregnir í strigapokum og menn ætluðu að drekkja þeim bara. Núna er það ekkert lengur,“ segir Sigurður. En það sé mikill velvilji gagnvart Hjálpræðishernum núna. -jhh



Í DAGSETRINU Herinn hefur um árabíl rekið athvarf fyrir utangarðsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



PORTLÁKSHÖFN Fjögur atkvæði skildu að. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Mjótt á munum í Ölfusinu: Sameining ekki lengur í skoðun

**SVEITARSTJÓRNIR** „Í ljósi niðurstöðu kosninganna sér bæjarstjórn ekki forsendur til að fara í viðræður um sameiningu en lýsir yfir vilja til áframhaldandi farsæls samstarfs sveitarfélaganna á milli,“ segir bæjarstjórn Ölfuss eftir rafræna íbúakosningu þar sem kannaður var vilji til sameiningar við önnur sveitarfélög.

Af þeim sem greiddu atkvæði voru 304 hlynntir viðræðum en 308 andvígir. Þegar spurt var við hvaða sveitarfélag Ölfus ætti að ræða, væri meirihlutinn hlynntur sameiningu, þá nefndu 286 Hveragerði, 214 Grindavík, 81 Árborg og 96 annað sveitarfélag. Það hafa helst verið Hvergerðingar sem sýnt hafa sameiningu áhuga. -gar

## Ekki alls staðar greiðfært: Pungfært fyrir Strandamenn

**SAMGÖNGUR** Þótt vegir séu að mestu greiðfærir á Suðurlandi og Vesturlandi er víða erfiðara um vik. Þannig er til dæmis pungfært norður í Árneshrepp á Ströndum samkvæmt upplýsingum frá Vega-gerðinni. Öxi og Breiðdalsheiði eru ófærar.

Í gær var snjóþekja og skafrenningur á Steingrímsfjarðarheiði og á Þróskuldum og hálkublettir á Gemlufallsheiði, á Hálfðáni og Möðrudalsöræfum. Byrjað er að loka hálendisvegum vegna hættu á vegaskemmdum. -gar

# Skólastjóri segir gjöf Gídeons ekki trúboð

Foreldrar barna í Stóru-Vogaskóla voru ekki látnir vita af heimsókn Gídeonfélagsins. Félagið gaf börnum í 5. bekk Nýja Testamentið. „Fann bókina í skólatösku barnsins míns,“ segir móðir barns í 5. bekk. „Ekki trúboð,“ segir skólastjóri.

**VOGAR** Óánægju gætir með heimsókn Gídeonfélagsins í Stóru-Vogaskóla á Vatnsleysuströnd þar sem félagið afhenti börnum í 5. bekk Nýja Testamentið að gjöf. Foreldrar barnanna voru ekki látnir vita fyrir fram um heimsóknina. „Mistök sem skrifast á mig,“ segir Svava Bogadóttir, skólastjóri Stóru-Vogaskóla.

Ingibjörg Axelsdóttir, foreldri barns í 5. bekk skólans, undrast að hafa ekki verið látin vita að til stæði að félagið afhenti börnum trúarrit kristinna manna. „Ég hefði viljað vita að þetta stæði til því þá hefði ég getað rætt við mitt barn um þetta. Þetta finnst mér vera trúboð og að mínu mati á trúboð ekki heima í grunnskólum landsins. Af því tilefni sendi ég póst á bæjaryfirvöld þar sem ég spurði út í verklagsreglur um svona heimsóknir og hvort ekki væri æskilegt að setja sér skýrar reglur,“ segir Ingibjörg.

Þann 29. apríl síðastliðinn var málið tekið fyrir á bæjarstjórnarfundi í Vogum. Var bréf Ingibjargar lagt fram sem og nýjar verklagsreglur grunnskólans sem settar voru í kjölfar athugasemdar foreldra. Verklagsreglur voru samþykktar á þeim bæjarstjórnarfundi.

Svava Bogadóttir, skólastjóri Stóru-Vogaskóla, segir ekki um trúboð að ræða þegar kristnir trúarhópar útteila trúarritum kristinna manna til grunnskólanna.

„Þessari heimsókn var þannig



VOGAR Á VATNSLEYSUSTRÖND Verklagsreglur um heimsóknir trúar- og lífsskoðunarhópa voru samþykktar eftir fyrirspurn móður barns í 5. bekk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hátt að Gídeonfélagið kom og afhenti eingöngu þeim börnum sem vildu Nýja Testamentið. Við teljum ekki um trúboð að ræða. Í kjölfar heimsóknarinnar ákváðum við að setja okkur verklagsreglur um heimsóknir trúar- og lífsskoðunarfélaga. Eftirlægis verða engin trúarrit afhent fyrir en að loknum skóladegi. Einnig verða foreldrar hafðir með í ráðum,“ segir Svava.

Ingibjörg segir verklagsreglur bæjarins þurfa að vera í ætt við þær sem tókast í Reykjavík. „Það er mín skoðun að trúarfélög eigi ekkert að vera í grunnskólum landsins,“ segir Ingibjörg.

Svava segir það hafa verið mistök að láta foreldra ekki vita af því

**Gídeonfélagið kom og afhenti eingöngu þeim börnum sem vildu Nýja Testamentið.**

Svava Bogadóttir, skólastjóri Stóru-Vogaskóla.

að félagið ætlaði sér að útteila Nýja Testamentinu til barna í skólanum. „Að sjálfsgöngu hefði það verið æskilegra að hafa samband við foreldra. Við tókum athugasemdirna fegins hendi og skerpum á vinnureglum hvað þetta varðar. Það eru mistök að láta ekki foreldra vita og skrifast þau mistök á mig,“ segir Svava. sveinn@frettabladid.is

## Klasasprengrur í Jemen: Nota mögulega ólögleg vopn

**JEMEN** Mannréttindavaktin (e. Human Rights Watch) segist búa yfir sönnunargögnum þess efnis að Sádi-Arabar hafi beitt klasasprengrum frá Bandaríkjunum í hernaði sínum í Jemen. Flest ríki heims hafa bannað notkun klasasprengrna en 116 ríki hafa skrifað undir sáttmála þess efnis. Hvorki Sádi-Arabía né Bandaríkin eru á meðal þeirra ríkja sem hafa skrifað undir.

Klasasprengrur eru smáar sprengrur sem dreifast yfir stórt svæði. Þær eiga það til að springa ekki og verða eftir á jörðinni sem getur reynst óbreyttum borgurum hættulegt. -sfs



Í KEFLAVÍK Hagnaður Isavia nam 2,17 milljörðum króna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Isavia ohf. skilar ársreikningi: Milljarði minna í hagnað

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Isavia ohf. var tæplega einum milljarði minni á árinu 2014 en hann var árið á undan. Hagnaðurinn nam 2,17 milljörðum í fyrra en 3,16 milljörðum árið á undan.

Þrátt fyrir aukin umsvif ferðabjónustunnar drógust rekstrar-tekjur fyrirtækisins saman, voru 16,19 milljarðar króna í fyrra en 14,43 milljarðar króna árið á undan. Eignir félagsins nema 39,95 milljörðum og eigið fé er 16,71 milljarður króna. -jhh

## Aðgengi að umhyggju foreldra er börnum mikilvægara en samverustundir: Foreldrarnir sleppi símanum

**VELFERÐARMÁL** 93 prósent íslenskra barna sem eiga mjög auðvelt með að fá umhyggju frá foreldrum sínum eru hamingjusöm.



DÓRA GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR,

14-15 ára börnum á tíu ára tímabili, frá árinu 2000 til 2010.

„Það að það sé traust, að börn upplifi að hlustað sé á þau og þau geti leitað til foreldra sinna, skiptir meira máli en fjöldi tíma sem foreldrar verja með börnum

sínum. Hér skipta gæðin meira máli en fjöldi tíma,“ segir Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Embætti Landlæknis. Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni hennar.

„Það nægir ekki að vera eingöngu líkamlega til staðar. Foreldrar þurfa líka að vera andlega til taks. Ef fólk þarf að svara tölvupósti eða símanum er gott að gefa sér tíma í það en leggja svo frá sér símann eða tölvuna og vera heilshugar til staðar. Nútvitundarþjálfun er góð til að ná þessu markmiði.“

Dóra segir aukningu vera í hamingju unglinga enda virðist íslenskir foreldrar gefa sér meiri tíma með börnum sínum en áður. „Aftur á móti eru tíu prósent barna á Íslandi óhamingjusöm og við þurfum að huga vel að þeim.“ -ebg



HAMINGJA Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að íslenskir unglingar eru hamingjusamari nú en fyrir tíu árum. Nærvera og umhyggja skipta höfuðmáli.

**GRØN BALANCE**

Hafðu það grænt og njóttu lífsins

Grøn Balance fæst í Krónunni

**KRÓNAN**



# BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



 3,4 l/100 km

 89 g/km



ÞARF AÐ VERA  
SVONA DÝRT AÐ  
REKA BÍL?



ER NAUÐSYNLEGT AÐ  
MÆLABORÐIÐ SÉ  
FULLT AF TÖKKUM?



ÞARF MAÐUR AÐ  
SÆTTA SIG VIÐ  
SKELLUR OG RISPUR?

**VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.**

## CITROËN C4 CACTUS FRUMSÝNDUR

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneytari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Ný og glæsileg  
heimasíða

Skoðaðu [citroen.is](http://citroen.is)



Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða sérstaka skatt á stóriðjufyrirtæki vill fjármálaráðherra afnema?
2. Hver er áætluð fjárfesting í gagnaverum á Íslandi á næstu 5-6 árum?
3. Hver er nýr formaður bankaráðs Seðlabankans?

SVÖR: 1. Raforkuskattur, 2. Tíuttug milljarðar, 3. Þórunn Guðmundsdóttir.



SÓTTIR Þyrla flutti ferðamennina á Landspítalann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bílvelta austan Hvolsvallar:

## Ferðamenn af gjörgæslu

**UMFERÐ** Báðir erlendu ferðamennirnir sem fluttir voru á slyssadeild Landspítala eftir bílveltu austan við Hvolsvöll á laugardag eru útskrifaðir af gjörgæslu, annar strax í fyrradag og hinn í gær.

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti ferðamennina á spítalann. Sveinn Kristján Rúnarsson yfirlögregluþjónn sagði ökumanninn hafa misst stjórn á bílnum. - bá

# Forseti þingsins telur ekki ástæðu til að meta hæfi Páls

Forseti Alþingis telur ástæðulaust að meta hæfi Páls Jóhanns Pálssonar. Fyrirtæki í eigu konu hans fær makrílkvóta í nýju frumvarpi. Þingmaður Samfylkingar telur frumvarpið stíga skref í átt til einkavæðingar auðlinda.

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, sér ekki ástæðu til að meta hæfi Páls Jóhanns Pálssonar. Nýtt frumvarp sjávarútvegsráðherra um kvótasetningu veiða á makríl sem gengur inn í lögsögu Íslands gerir ráð fyrir að fyrirtæki í eigu eiginkonu Páls Jóhanns, sem áður var í eigu þingmannsins, fái makrílkvóta að verðmæti tuga milljóna króna í sinn hlut.

„Mér finnst ekki tímabært að skoða hæfi þingmannsins. Hann hefur sjálfur gefið það út að hann muni ekki greiða atkvæði um frumvarpið. Þingmenn vinna oft og tíðum að frumvörpum sem hafa áhrif á persónulega hagi þeirra, svo sem um skatta og uppbyggingu á sínum heimasvæðum. Enda gilda ekki sömu hæfisreglur um þingmenn og aðra embættismenn í stjórnarsýslunni,“ segir Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis.

Fyrirtækið Marver ehf., sem er að fullu í eigu eiginkonu Páls Jóhanns, fær úthlutað um 80 tonna kvóta ef frumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar nær fram að ganga. Handfærabátur í eigu útgerðarinnar, Daðey GK, veiddi á síðasta ári um 170 tonn af makríl og hefur því veiðireynslu af makríl.

Frumvarpið er nú í meðförum atvinnuveganefndar og situr Páll Jóhann í nefndinni. Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir það að þingmaðurinn skuli ekki sjálfur stíga til hliðar í þessari umræðu. „Mér myndist hann eiga að fhuga að segja sig frá umræðum í nefndinni. Það væri skynsamlegt af honum að gera það þótt ströng lagatúlkun segi að hann sé ekki vanhæfur. Þetta er spurning um hans eigin trúverðuleika sem og trúverðuleika Framsóknarflokksins.“



**ALÞINGI** Frumvarp sjávarútvegsráðherra um stjórnun veiða á makríl er nú í meðförum atvinnuveganefndar. Miklir hagsmunir eru undir enda hafa makrílveiðar skilað hundruðum milljarða í gjaldveyrstekjur.

Oddný gagnrýnir einnig hvernig frumvarpið veiti útgerðum aðgang að auðlindinni á silfurfati og vill að þjóðin fái meira fyrir þessa auðlind. „Með frumvarpinu er stigið stórt skref í átt til einkavæðingar auðlindar þjóðarinnar. Þarna er verið að gefa útgerðum kvóta til mjög langs tíma og afar erfitt verður fyrir sitjandi stjórnvöld að segja upp þessum samningum. Fyrir mína parta er ósættanlegt að setja svona frumvarp á dagskrá með auðlindir þjóðarinnar á meðan við höfum ekki fest í sessi auðlindaákvæði í stjórnarskrá.“

sveinn@frettabladid.is



„Þetta er spurning um hans eigin trúverðuleika sem og trúverðuleika Framsóknarflokksins.“

Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.



Útsala 30-70%

**EGGERT**  
feldskeri

Skólavörðustíg 38 101 Reykjavík



HAFNARFJARÐARHÖFN Minnihluti stjórnar hafnarinnar vill úttekt innanríkisráðuneytisins á áminningarmáli starfsmanns. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segja R3 ekki hafa rætt við hafnarstarfsmann:

## Boðuð áminning varð aldrei formleg

**HAFNARFJÖRÐUR** „Starfsmanni hafnarinnar var aldrei veitt áminning,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi



STEINUNN ÞORSTEINSDÓTTIR

Hafnarfjarðarbæjar, vegna fréttar í Fréttablaðinu síðastliðinn föstudag. Í fréttinni sagði að tiltekinn hafnarstarfsmaður hefði fengið áminningu sem síðar hefði verið dregin til baka. Steinunn segir þetta ekki rétt heldur hafi farið af stað áminningaferli „þar sem viðkomandi var tilkynnt með bréfi að það sé til skoðunar að veita áminningu,“ segir upplýsingafulltrúinn

og kveður ferlið vera þannig að starfsmaðurinn fái tækifæri til að koma með athugasemdir.

„Málið fór aldrei lengra og í kjölfarið var honum tilkynnt að það yrði látið niður falla. Þannig að formleg áminning átti sér aldrei stað,“ undirstrikar Steinunn.

Þá segir Steinunn ekki rétt sem fram kom í máli Gylfa Ingvarssonar, meðlims hafnarstjórnar, að starfsmaður R3 ráðgjafar hafi rætt við fyrrnefndan hafnarstarfsmann um málefni hafnarinnar. „Ráðgjafafyrirtækið hefur ekki komið að málefnum Hafnarfjarðarhafnar,“ vísar upplýsingafulltrúinn í svör sem Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri lagði fram í bæjarráði í lok mars.

- gar



Þvottavélar 1400 sn.....**49.900,-**  
 Þurrkarar.....**39.900,-**  
 Uppþvottavélar.....**49.900,-**

VERÐ FRÁ KR.

Kælikápar.....**18.900,-**  
 Frystiskápar.....**29.900,-**  
 Frystikistur.....**33.900,-**

VERÐ FRÁ KR.

Keramík helluborð.....**29.900,-**  
 Spanhelluborð.....**49.900,-**  
 Eldavélar.....**39.900,-**  
 Háfar.....**19.900,-**  
 Eldhúsviftur.....**8.990,-**

VERÐ FRÁ KR.



**Matvinnslutæki**

VERÐ FRÁ KR.

Töfrasprotar.....**1.990,-**  
 Sítrónupressur.....**1.990,-**  
 Kaffikvarnir.....**1.990,-**  
 Blandarar.....**1.990,-**  
 Handþeytarar.....**2.990,-**  
 Hakkarar.....**2.990,-**  
 Ísgerðarvélar.....**4.990,-**  
 Matvinnsluvélar.....**6.990,-**  
 Safapressur.....**6.990,-**  
 Hakkavélar.....**9.990,-**  
 Hrærivélar.....**17.990,-**

Listinn er ekki tæmandi  
 Sjáðu allt úrvalið á rafha.is



**Eldhústæki**

VERÐ FRÁ KR.

Hraðsuðukönnur.....**1.990,-**  
 Eldhúsvogir.....**1.990,-**  
 Kaffivélar.....**1.990,-**  
 Brauðristar.....**1.990,-**  
 Samlokugrill.....**1.990,-**  
 Vöflujárn.....**2.990,-**  
 Hrísgjónapottar.....**2.990,-**  
 Borðhellur.....**3.990,-**  
 Mínútugrill.....**3.990,-**  
 Djúpsteikingap.....**4.990,-**  
 Grillofnar.....**9.990,-**

Listinn er ekki tæmandi  
 Sjáðu allt úrvalið á rafha.is



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

**LAGER HREINSUN**

**YFIR 60 GERÐIR!**

Pottar og pönnur í öllum stærðum og gerðum sem virka á allar hellur. Sjáðu allt úrvalið á rafha.is



LAGERHREINSUN KR.  
**9.990**  
 70% AFSLÁTTUR

PR. STK  
 LAGERHREINSUN KR.  
**2.990**  
 67% AFSLÁTTUR

**TRÍSTAR**  
 Grillpanna eða djúp panna með loki  
 Fullt verð kr. 8.990.

**SOLA**  
 NETHERLANDS  
 Profiline pottasett  
 Flött pottasett frá SOLA úr 18/10 hágaðastáli. 16 cm 1,5 lítra, 18 cm 2,5 lítra, 20 cm 3,0 lítra og skaftpottur 16 cm 1,5 lítra. Fullt verð 33.990.

**25-70%**  
 AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
 POTTUM & POTTUM



**YFIR 18 GERÐIR!**

Allar hrærivélar frá Bosch, Electrolux, Domo og Kenwood í mörgum fallegum litum og gerðum. Sjáðu allt úrvalið á rafha.is

**BOSCH**  
**Electrolux**  
**DOMO**  
**KENWOOD**

**25-50%**  
 AFSLÁTTUR AF  
 HRÆRIVÉLUM

**Ýmsar vörur**

VERÐ FRÁ KR.

Hárblásarar.....**990,-**  
 Baðvogir.....**990,-**  
 Sléttujárn.....**1.990,-**  
 Háklippur.....**1.990,-**  
 Gufustraujárn.....**1.990,-**  
 Handryksugur.....**2.990,-**

Listinn er ekki tæmandi  
 Sjáðu allt úrvalið á rafha.is



**Electrolux**  
**JMORIGIN JetMaxx ryksuga**  
 Afar vönduð ryksuga með frábærum sogkrafti. 1500W orkusparandi motor sem skilar heilum 2300W. 9 metra vinnuradius. Fullt verð kr. 19.990.

LAGERHREINSUN KR.  
**13.990**  
 30% AFSLÁTTUR

1500W  
 2300W

**DOMO**  
**DO-9033G Heilsugrill**  
 Settu hollustuna í fyrirrúm og eldaðu holla máltíð án þess að nota fitu. Fitan rennur niður í bakka undir grillinu. 2000W element sem tryggir að safinn lokist inni kjötinu svo það haldist meyrnt og lúffengt. Fullt verð kr. 11.990.

LAGERHREINSUN KR.  
**6.990**  
 42% AFSLÁTTUR

**Rafha ehf**

Opið  
 virka daga 9-18  
 laugardag 11-17  
 sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
 Sími 5880500  
**www.rafha.is**

## Skelfilegt ofbeldi í Nígeríu: Grýttu konur til bana

**NÍGERÍA** Konur sem losnuðu á dögnum úr haldi Boko Haram í norðurhluta Nígeríu segjast hafa upplifað hræina skelfingu í haldi þeirra. Þær segja að liðsmenn Boko Haram hafi grýtt nokkrar kvennanna sem teknar voru í gíslingu til bana þegar þær óhlyðnuð-ust fyrir mælum þeirra.

Þúsundir hafa fallið fyrir hendi Boko Haram frá því að samtök- in hófu skæruhernað sinn til að byggja upp hið svokallaða „Íslamska ríki“.

- jhh

## Tala látinna í Nepal er komin yfir 7.000 og talið er að hún muni hækka enn frekar á næstu dögum: Þremur bjargað úr rústum húsa í Nepal

**NEPAL** Þremur var bjargað úr rústum heimila sinna í borginni Katmandú í Nepal um helgina, viku eftir öflugan skjálfta sem lagði borgina í rúst. Þetta vakti von í brjósti íbúa í borginni. Aftur á móti fundust einnig 50 lík, að því er Reuters-fréttastofan greindi frá.

Tala látinna eftir jarðskjálftann sem reið yfir 25. apríl er nú komin upp í rúmlega 7.000. Líklegt þykir að sú tala muni hækka enn frekar.

Talskona bandaríska hersins sagði í gær að gert væri ráð fyrir því að bandarískir herflugmenn byrjuðu þá þegar að aðstoða við að ferja nauðsynjar til dreifbýlisstaða fyrir utan höfuðborgina.

Jamie McGoldrick, talsmaður Sameinuðu þjóðanna, segir að yfirvöld í landinu verði að slaka á tollatak mörkunum, en tafir þykja hafa orðið á flutningi neyðargagna í gegnum flugvöllinn á Katmandú. Það er eini alþjóða-flugvöllurinn í landinu.

Eyðileggingin er gríðarleg víða í landinu. Ganga Sagar Pant, yfirmaður Klifurfélags Nepal, sagði við BBC-fréttastofuna að allt þorpið í Langtang í norðurhluta landsins hefði þurrkast út. „Það eina sem stendur eftir eru töskur og kápur, öll hús í fjallinu eru hrunin,“ sagði hann.

Þorpið er á vinsælli gönguleið. Þar voru 55 gestahús. Á þessari stundu er ekki ljóst hve margir voru staddir í þorpinu þegar skjálftinn reið yfir.

- jhh



**HLÚÐ AÐ SLÖSUDUM** Hjúkrunarfólk hvaðanæva að hefur veitt Nepölum aðstoð. Hinn fimmtán ára gamli Pemba Tamang fékk aðhlyningu hjá Ísraelum strax eftir að hann fannst. NORDICPHOTOS/AFF



**DÁÐUR** BB King spilaði opinberlega allt þangað til í fyrra. NORDICPHOTOS/AFF

## Sjúkrahúslegan að baki: Í líknarmedferð heima hjá sér

**BANDARÍKIN** Blúsgítaristinn BB King hefur tilkynnt aðdáendum sínum að hann hljóti nú líknarmedferð heima hjá sér.

King dvaldi á spítala í stutta stund fyrir fáeinum dögum. Hann er 89 ára gamall og hefur verið með sykursýki 2 í yfir 20 ár. Hann hefur ítrekað verið lagður inn á spítala undanfarið. BB King er talinn einn allra besta gítaristi sögunnar.

King spilaði opinberlega allt fram á síðasta ár þegar hann þurfti að hætta vegna ofþreytu.

- jhh

## Cameron stendur fast á sínu: ESB-kosning yrði skilyrði

**BRETLAND** David Cameron, forsætisráðherra Breta, segir að hann verði ekki forsætisráðherra í næstu ríkisstjórn ef hann getur ekki staðið við loforð um þjóðar- atkvæðagreiðslu varðandi áframhaldandi aðild að Evrópusambandinu.

Nick Glegg, aðstoðarforsætisráðherra og formaður Frjálslyndra demókrata, útilokar ekki að flokkur hans gangi að slíkum skilyrðum. Frjálslyndir demókratar og Íhaldsflokkur, flokkur Camerons, hafa staðið saman að meirihlutastjórn í Bretlandi frá 2010.

Verkamannaflokkurinn er andvígur hugmyndunum.

- jhh



**ÍTALIR BJARGA FLÓTTAFÓLKI** Þúsundum manna var bjargað úr hættulegum aðstæðum á hafi um helgina. NORDICPHOTOS/AFF

## Nær sex þúsund á flóttu bjargað á Miðjarðarhafinu

Tæplega 6000 flóttamönnum var bjargað á hafi nærri Líbíu um helgina. Nærri 1.800 flóttamenn hafa farist á leið yfir hafið á þessu ári. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna telur þörf á meira fé til að fást við vandann.

**LÍBÍA** Um það bil 5.800 flóttamönnum var bjargað á hafi nærri Líbíu á laugardag og sunnudag. Bæði frönsk og ítölsk björgunarlið tóku þátt í að koma fólkinu úr hættulegum aðstæðum. Fólkið var síðan flutt til Ítalíu.

BBC-fréttastofan segir að hið minnsta 1.750 flóttamenn hafi farist á þessu ári við það að reyna að komast yfir Miðjarðarhafið. Á sama tíma í fyrra fórust 96 manns við sömu aðstæður og er aukningin því tuttuguföld.

Búist er við því að mun fleiri flóttamenn reyni að fara yfir Miðjarðarhafið á næstu vikum þegar veðrið verður skaplegra en það hefur verið í vetur. Þá létust þrjú flóttamenn á sunnudagsmorgun þegar bátur sökk við strendur

Egyptalands. Þrjátíu og einum flóttamanni var bjargað í þeirri aðgerð.

Leiðtogar Evrópusambandsins sögðu á blaðamannafundi í síðasta mánuði að þeir hygðust þrefalda fjármagnið sem Frontex, landmæragæsla Evrópusambandsins, nýtir í björgunaraðgerðir. Þá var því einnig hótad að bátar þeirra sem smygla flóttafólki yrðu beittir hervaldi.

Ítalía stöðvaði björgunaráætlun í fyrra eftir að nokkur aðildarríki Evrópusambandsins sögðust ekki hafa efni á að fjármagna verkefnið.

Þessi ákvörðun sætti harðri gagnrýni í apríl eftir að meira en 800 manns fórust þegar bátur sökk. Það var stærsta slys sem orðið hefur á Miðjarðarhafinu.

Tuttugu og sjö komust lífs af og lýstu þeir því hvernig smygjararnir lömdu þá til þess að koma fleiri flóttamönnum á bátinn. Skipið sigldi á flutningaskip eftir að það lagði úr höfn við Líbíu og olli það mikilli skelfingu um borð. Þeir sem fórust voru einkum Sýrlendingar, Eritreumenn og Sómalar, fullorðnir og börn.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur sagt að það þurfi að verja miklu meira fé en Evrópusambandið gerir núna til þess að fást við flóttamannavandamálið á Miðjarðarhafi. Reuters segir að hvergi séu fleiri flóttamenn en í Ítalíu. Werner Faymann, kanslari Austurríkis, sagði í fréttaviðtali í gær að Evrópusambandið þyrfti að setja upp kvótakerfi og önnur

**20** sinnum fleiri flóttamenn hafa farist á Miðjarðarhafi í ár en á sama tíma í fyrra.

aðildarríki Evrópusambandsins samþykkja að taka á móti fleiri flóttamönnum til þess að létta álaginu af Ítalíu, Grikklandi og Möltu. Reuters býst jafnframt við því að nokkur aðildarríkin, meðal annars Bretar og Ungverjar, mótmæli þessum tillögum.

Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, sagði á föstudaginn að aðildarríkin ættu að fá að setja sínar eigin reglur varðandi flóttamenn og að Ungverjar vildu ekki taka á móti flóttamönnum.

jonhakon@frettabladid.is

## Borgarstjórnin í Baltimore gefur fólki frelsi á ný til að ferðast á nóttunni: Útgöngubanni aflétt í Baltimore

**BANDARÍKIN** Yfirvöld í Baltimore afléttu í gær næturútgöngubanni sem sett var á í liðinni viku vegna óeirða sem urðu í vikunni.

Óeirðirnar má rekja til þess að blökkumaður lést á meðan hann var í haldi lögreglunnar. Andlát mannsins er rannsakað sem morð og geta sex lögregluþjónar búist við því að verða ákærðir vegna málsins. Þeir neita þó allir sök. Hinn látni, Freddie Gray, var 25 ára gamall. Hann var handtekinn hinn 12. apríl síðastliðinn og lést viku seinna af völdum áverka sem hann hlaut í lögreglubíl.

Á meðan útgöngubannið gildi mátti fólk ekki fara út milli klukkan 22 á kvöldin og 5 á nóttunni. Búist var við að það myndi gilda í að minnsta kosti einn dag í viðbót. BBC greinir hins vegar frá því að Stephanie Rawlings-Blake, borgarstjóri í Baltimore, hefði sagt á sunnudagsmorgun að hann vildi ekki að útgöngubannið stæði lengur en nauðsynlegt væri.

Marilyn Mosby, saksóknari í Baltimore, gerði ákærurnar á hendur lögreglumönnum opinberar á föstudaginn. Hún heldur því fram að handtakan hafi verið ólögleg. Verjandi manna segir þá hins vegar ekki hafa aðhafst neitt rangt.

- jhh



**KIRKJUGESTIR BIÐJA** Íbúar í Baltimore báðu fyrir friði um helgina. NORDICPHOTOS/AFF

**KRONAN** - fyrst og fremst ódyr!

**Nú stærri og safameiri**

Heill grillaður kjúklingur og 2 lítrar af Coca-Cola\*

**1499** kr. tvennan

\*Þú velur Coca-Cola, Coca-Cola light eða Coca-Cola zero



# Afslátturinn er lykilatriði

Orkulykillinn er einfaldur í notkun en margfaldur í afsláttarkjörum



- Afsláttur af ódýrasta eldsneyti landsins á Orkunni
- Afsláttur á þjónustustöðvum Shell
- Viðbótarafsláttur á Pinni stöð
- Allt að 10 kr. fastur afsláttur með Afsláttarþrepum
- Afsláttur af metani
- Afsláttur í verslunum 10-11 við bensínstöðvarnar
- Afsláttur hjá yfir 20 samstarfsaðilum
- Sérmerktir lyklar

Sæktu um Orkulykillinn í dag á [www.orkan.is](http://www.orkan.is)

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**

  
**ORKAN**  
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!



**VERKLEGUR** Þessi notaði veðurbliðuna til þess að þrifa húsið að utan eftir veturinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sólskin og skúringar á sunnudegi

Blessuð sólin ákvað loksins að heiðra okkur með nærveru sinni eftir heldur dimman og kaldan vetur. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu létu sólskinið svo sannarlega ekki fram hjá sér fara og var fjöldi fólks í bænum og naut veðursins þrátt fyrir að hitinn væri rétt um sex gráður.



**SUMAR-  
BLÍÐA**  
Fjöldi fólks  
var saman-  
kominn á  
Ingólfstorgi.



**SÓLBAÐ** Eftir þennan vetur er fullkomlega leyfilegt að fara í sólbáð í visnu grasi og í úlpu.



**SETIÐ ÚTI** Kaffihús bæjarins drógu fram útihúsgögn svo gestir gætu notið veitinganna undir berum himni.



**EFNILEGIR** Þessir félagar voru flottir á hjóli og hjólabretti, tilbúnir í sumarið.



**8kg með kolalausum mótör**

**TILBOÐ**

**69.989**

**FULLT VERÐ 109.989**

Candy GV138TWHC3  
1300sn og 8kg þvottavél með stafrænu kerfisvali. Snertiskjár. MixPower System - meiri þvottagæði við lægri hita. Þvott hæfni A. Orkuflokkur A+++.



**Hágæða þvottavél með 3D Sensor Wash**

**TILBOÐ**

**99.989**

**FULLT VERÐ 119.989**

Panasonic NA148VG4  
1400sn og 8kg þvottavél með stafrænu kerfisvali. Stór LED skjár. Kolalaus mótör. 3D Sensor Wash - mestu þvottagæði. Þvott hæfni A. Orkuflokkur A+++.



Vestfrost FVC66OMEGA  
60sm eldavél með 4 keramik hellum. 56 lítra Multifunction 7 ofn með blæstri, yfir/undirhita og grilli. Orkuflokkur A.

**Keramik eldavél**

**TILBOÐ**

**69.989**

**FULLT VERÐ 109.989**



**Vandaður kælikápur með A+ orkunotkun**

**TILBOÐ**

**69.989**

**FULLT VERÐ 124.989**

Whirlpool AZB6570  
Tviátta barkalaus 6 kg þurrkari. Rakaskynjari með 6th Sense. 9 stillingar. Má tengja við niðurfall. Kaldur blástur og krumpuvörn.

Whirlpool WMES3742W  
188sm kælikápur með 374L kæli. AntiBacteria Filter. 7 glerhillur. 5 hillur í hurð. Grænmetisráfa. Orkuflokkur A+. Mál (HxBxD) 180x 59,6 x 61sm.

**Barkalaus þurrkari**

**TILBOÐ**

**59.989**

**FULLT VERÐ 79.989**

Beko WMB61431M  
1400sn og 6kg þvottavél með stafrænu kerfisvali. LED skjár. 11 þvottakerfi. Þvott hæfni A. Orkuflokkur A+.

**1400sn þvottavél**

**TILBOÐ**

**49.989**

**FULLT VERÐ 64.989**



Sjá allt úrvalið á max.is



Opið mán. - fös. kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

Nú reynir á forsetann:

## Þjóðin vill en þingið ekki

**E**f að líkum lætur munu forsetakosningar á næsta ári snúast um málskotsréttinn. Við þurfum greiða leið til að brúa gjár sem myndast milli þings og þjóðar. Sú leið má ekki ráðast af duttlungum.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur gerbreytt pólitíkinni. Breytingin varð þegar hann vísaði umdeildu fjölmiðlafrumvarpi til þjóðarinnar með þeim rökum að gjá hefði myndast milli þings og þjóðar. Frumvarpið fór aldrei í þjóðaratkvæði vegna þess að háverandi ríkisstjórn sá í hendi sér að löggin umdeildu yrðu ógilt og dró frumvarpið til baka. Síðan er pólitíkin ekki söm.



Kristín Þorsteinsdóttir

kristin@frettabladid.is

Með þessu markaði forsetinn tímamót, sem breyttu íslensku stjórnskipan í framkvæmd. Hann virkjaði svokallaðan málskotsrétt, sem margir töldu byggjast á dauðum lagabókstaf en er þó alveg skýr. Látum það liggja milli hluta.

Síðan hefur forsetinn virkjað málskotsréttinn í tvígang, bæði skiptin á sömu forsendu, að gjá hafi myndast milli þings og þjóðar. Fyrirverandi ríkisstjórn var gerð afturreka með tvo Ice-save-samninga, sem þjóðin hafnaði í kosningum. Víst er að engin einstök mál urðu ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur erfiðari viðfangs – á miklum erfiðleikatímum. Staðan var ofurviðkvæm.

Í því ljósi var inngríp forsetans djarfara en hið fyrra. Forseturnar, gjáin milli þings og þjóðar, voru fyrir hendi, um það er ekki deilt. Forsetinn fór eftir reglum sem hann setti sér sjálfur þegar hann lifgaði við dauðan lagabókstaf um málskotsrétt. Hann var samkvæmur sjálfur sér.

Nú eru í deiglu nokkur stórmál þar sem augljós gjá er milli þings og þjóðar. Það nýjasta er risaskref í átt að því að festa í sessi eignarhald á makrílkvóta. Í frumvarpi sjávarútvegsráðherrans er kvótinn festur til sex ára, sem þýðir að næsta ríkisstjórn er bundin af lögunum, verði þau samþykkt. Það er grundvallarbreyting í máli sem klýfur þjóðina, ef marka má undirskriftirnar sem þegar eru komnar á þjóðareign.is og kannanir undanfarinna missera.

Við verðum að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau séu samkvæm sjálfum sér. Það á líka við um forsetann. Skoðun hans sjálfs og tengsl við valdhafa í stjórnarráðinu mega ekki ráða ferðinni. Ef undirskriftir verða álíka margar og í hin þrjú skiptin sem hann hefur neitað að staðfesta lög á hann engan kost annan en að vísa makrílfrumvarpinu til þjóðarinnar.

Skilyrði til að gera út hafa aldrei verið betri. Fiskverð á heimsmarkaði hefur hækkað ár frá ári, langt umfram annað verðlag. Gengið er lágt, afar hagfelld fyrir tækjunum. Lægstu laun í fiskvinnslu eru smánarblettur á samfélaginu. Því er holur hljómur í kveinstöfunum sem alltof oft heyrast frá útgerð og fiskvinnslu.

Forsetinn færði okkur málskotsréttinn, nokkuð óvænt. Þjóðin kunnir að meta það og kaus hann aftur og aftur. Ætlar hann, einn og sami maðurinn, að svipta okkur þessum sjálfsagða rétti? Það yrði saga til næsta bæjar.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Úr tengslum

Baráttudagur verkalyðsins var haldinn hátíðlegur í skugga mjög harðra deilna á vinnumarkaði og nú stefnir í að í kringum 100 þúsund manns verði óstarfandi vegna verkfalla. Leiðtogum stjórnarflokkanna var legið á hálsi fyrir að vera ekki í tengslum við almenning eftir niðurstöðu könnunar MMR þar sem skoðuð var afstaða til persónueiginleika stjórnmalaleiðtoga. Bjarni Benediktsson staðfesti afstöðu svarenda þegar hann skrifaði kveðju til launþega. „Ég heyri forystuna segja að stöðugleika verði ekki náð „á kostnað launþega“. En hvað með óstöðugleikann. Á hvers kostnað skyldi hann verða,“ skrifaði Bjarni. Þarf að segja eitthvað meira?



#### Lofar þjóðaratkvæðagreiðslu

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, stendur í ströngu en þingkosningar verða á fimmtudag. Miðað við kannanir er líklegt að hvorki Verkamannaflokkurinn né Íhaldsflokkur Cameron nái hreinum meirihluta og þurfa því að reiða sig á minni flokka til samstarfs eða til að verja ríkisstjórn falli. Meðal þess sem kosningarnar snúast um er vera Breta í Evrópusambandinu. Cameron hefur heitið þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð sambands Bretlands og ESB fyrir lok 2017. Kjósendur annars lands hafa farið illa út úr því að kjósa á grundvelli sambærilegra loforða. Spennandi verður að sjá hvort Cameron er meiri

maður orða sinna en stjórnmalamenn í því landi.

#### Katrín forseti

Kosið verður um nýjan forseta Íslands á næsta ári, nema hið ólíklega gerist að Ólafur Ragnar Grímsson ákveði að halda áfram. Meðal þeirra sem nefndir eru sem frambjóðendur er Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. Katrín nýtur mikils persónufylgis þrátt fyrir að það skili flokknum hennar vægast sagt ekki nokkrum sköpuðum hlut. Áhugavert væri að sjá hvort Katrín næði árangri ein þegar flokkurinn og flokkssystkinin þvælast ekki fyrir. Einhvern veginn er það samt alltaf líklegast að Ólafur ákveði bara að halda áfram. fanney@frettabladid.is



### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# KRÓNAN

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

**AÐEINS 40 kr. STYKKIÐ** ef keypt eru 10 stk.

- annars 50 kr. stk.

## Hjóla, sippa, synda, tvista...

**Kristín Ólafsdóttir**  
upplýsingafulltrúi  
Hjálparstarfs  
kirkjunnar

**HJÁLPARSTARF** Ert þú foreldri? Ertu eitthvað farin/n að spá í sumarfrí? En hvað með sumarnám-skeið fyrir börnin? Reiðnámskeið í tvær vikur? En myndlistarnámsskeiðið sem allir eru að tala um að sé svo briliant? Ha, ekki? Þau fá allavega nýtt hjól, er það ekki, og fara á klifurnámsskeið? Finnurðu fyrir pressu? Þá er eins gott að þú sért með góð meðallaun eða með gott tengslanet, að minnsta kosti ef þú vilt að þau fari í sumarfrí. Frístundakortid er ekki hægt að nota fyrir svona styttri námskeið og afþreyingu, skilurðu!

Á síðasta ári bjuggu um 2% landsmanna, yfir 6.000 manns, við verulegan skort á efnislegum gæðum. Í Hagtíðindum Hagstofunnar (2015:2) segir samt, og sem betur fer, að það sé fátítt að börn á Íslandi skorti lífsgæði – með einni undantekningu þó en það er þáttaka barna í reglulegri tómstundaiðju. Árið 2014 var tæpur þriðjungur barna á Íslandi ekki í reglulegu tómstundastarfi. Fjárhagsleg afkoma foreldranna er breyta sem skiptir máli í þessu samhengi en í fyrra voru 37% barna í lægsta fimmungi tekjudreifingarrinnar ekki í reglulegri tómstundaiðju samanborið við 18,5% í hæsta fimmtingnum.

En hvað þýðir þetta þegar maður er tíu ára og langar að taka þátt í tómstunda-

→ Við beinum sjónum okkar fyrst og fremst að barnafjölskyldum með það að markmiði að draga úr hættunni á félagslegri einangrun og þá barna alveg sérstaklega.

iðju með vinum sínum (sem fara svo kannski til Spánar seinna í sumar)? Hvað þýðir það að hafa ekki þann möguleika og upplifa sig út undan? Og ekki bara núna í sumar heldur líklegast líka næstu ár? Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl fátæktar og félagslegrar einangrunar barna sem hefur varanleg neikvæð áhrif á sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra þannig að þau komast við illan leik út úr víta-hring aðstæðna.

Í fyrra aðstoðaði Hjálparstarf kirkjunnar um 5.900 einstaklinga sem búa við fátækt. Við beinum sjónum okkar fyrst og fremst að barnafjölskyldum með það að markmiði að draga úr hættunni á félagslegri einangrun og þá barna alveg sérstaklega. Þess vegna veitum við styrki til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstunda barna. Við erum að safna fyrir verkefninu núna með því að selja gjafakortid „Gleðilegt sumar“ í verslunum Hagkaups. Viltu vera með og gefa barni gleðilegt sumar? Fyrirfram þakki!

# „Hér varð Hrun“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Þessar mánudagsgreinar hafa verið hér í Fréttablaðinu síðan í mars árið 2003, með hléum að vísu. Ég varð svolítið hvumsa síðastliðinn mánudag þegar greinin mín var ekki á sínum stað í Fréttablaðinu en í staðinn komin grein eftir Jón Ásgeir Jóhannesson, eiginmann eiganda blaðsins og fyrrverandi eiganda. Mér hefur verið sagt að þar hafi verið um mistök að ræða og ég tek til greina skýringar ritstjórnar. Óþarfi að gera meira veður út af því.

Einhvern daginn kemur að því að manni þyki nóg komið af þessum skrifum – eða blaðinu – en það er óneitanlega skemmtilegra að enda svo langa og ánægjulega samfylgd með öðrum hætti en þessum. Ég held að það sé líka óhætt að fullvissa lesendur Fréttablaðsins um að þeir munu tæpast eiga von á því að Jón Ásgeir spreyti sig á teikningu í stað Halldórs eða bjóði upp á sögulegan fróðleik í plássu Illuga.

Og það er kannski rétt að nota tækifærið og taka fram svona í eitt skipti fyrir öll, að ég þekki ekki Jón Ásgeir eða Ingibjörgu Pálmadóttur, hef aldrei hitt þau, aldrei talað við þau, skrifast á

við þau eða fólk á þeirra vegum eða haft nokkuð af þeim að segja – eða þau af mér. Samskipti mín við ritstjóra blaðsins hafa frá fyrstu tíð verið ágæt, ég hef ævinlega haft algjörlega frjálsar hendur með þennan dálk og það hefur aldrei verið reynt að hafa áhrif á skrif mín af hálfu eigenda eða ritstjórnar með nokkrum hætti.

## Allsherjarsaga

Maður sem vill verja hendur sínar og sæmd skrifar grein þar sem hann gerir grein fyrir sínum málstað. Það er eðlilegt og sjálfsagt. Hins vegar má lesa grein Jóns Ásgeirs í samhengi við ýmsar aðrar greinar, fréttir og frásagnir sem saman mynda nokkurs konar „Allsherjarsögu“ sem haldið er að okkur um þessar mundir á ýmsum vettvangi. Sagan er eitthvað á þá leið að sérstakur saksóknari standi fyrir ofsóknum á hendur fyrrverandi bankamönnum og athafnamönnum og Hæstiréttur Íslands taki þátt í þeim, til að friða blóðþyrstan almenn- ing – og náttúrlega Evu Joly, það voðalega kvendi sem stundum er nefnd til sögunnar sem helsti skúrkur Hrunmálanna. Geirfinnsmálið hefur þrífaldlega verið nefnt til samanburðar af talsmönnum sakborninga, nú síðast Eggerti Skúlasyni. Útrásarvikingarnir eru samkvæmt þessari sögu látnir taka á sig allar syndir íslensks samfélags á árunum fyrir Hrun svo að bjóðin þurfi ekki að horfast í augu við eigin afgang.

Þetta er sagan. Og um þessar

mundir er úr nægum fjölmiðlum að velja fyrir þá sem vilja halda henni á lofti, með einstökum dæmum með tilheyrandi aðkeyptri vandlætingu valinna lögmanna.

En á málum tengdum Hruninu og Geirfinnsmálinu er veigamikill munur. Eitt er að sakborningar eru afar ólíkt fólk í ólíkri stöðu; í Geirfinnsmálinu voru dæmdir smælingjar sem fáa áttu að, og þó að útrásarvikingar og bankamenn hafi vissulega mátt þola óvinsældir á undanförunum árum hafa þeir engu að síður haft bolmagn til að ráða til sín slyngustu – og dýrustu – lögmenn landsins sem hafa verið óþreypandi við að draga fram alla hugsanlega – og óhugsanlega – meinbugi á mála- tilbúnaði ákærvaldsins, eins og lög gera ráð fyrir, tafið mál og þæft eftir föngum; heilu lögmennsstofurnar hafa verið að störfum fyrir þessa sakborninga og ýmsir fjölmiðlar verið opnir fyrir því að vera vettvangur einstakra kafla í „Allsherjarsögunni“ – og heilu bækurnar hafa verið skrifaðar með tilheyrandi uppslætti á völdum síðum.

## „Hér varð Hrun“

Í Geirfinnsmálinu fannst ekki glæpurinn – en hér er um að ræða aðdraganda þess að bankarnir féllu og Ísland varð í raun gjaldþrota ríki. „Hér varð Hrun“. Í Geirfinnsmálinu voru þvingaðar fram játningar með miklu harðræði í máli þar sem ekki var lík, ekki morðvopn, ekki tengsl meintra banamanna og meints fórnarlamb og ekki

sjáanlegur hagur nokkurs manns af meintu manndrápi. Þau mál sem sérstakur saksóknari hefur haft til umfjöllunar hafa á hinn bóginn snúist um meinta stórfellda markaðsmisnotkun og sýndarviðskipti og ógurlegar lánveitingar banka í eigu sakborninga til félaga sem ekki stóðu í sjáanlegum rekstri. Um er að ræða meint auðgunar- brot upp á stjarnfræðilegar upphæðir.

Aurum-málið sem Jón Ásgeir skrifaði um á dögnum snýst ekki um það hvað sérstakur saksóknari vissi og vissi ekki um tengsl Sverris Ólafssonar og Ólafs Ólafssonar; það snýst ekki um hug Sverris Ólafssonar til eins eða neins; það snýst um að komist sé til botns í því hvort lánveitingar til tiltekins félags standist lög. Þetta er hin laga- lega hlið málsins. Nátengd henni er svo síðferðisleg hlið sem við þurfum að fást við sem samfélag á öðrum vettvangi en hinum lagalega; Hrunmálin eru ekki einskær lagaleg álitamál heldur snúast þau líka um dyggðir og lesti og lærdóma sem einstaklingar og samfélag þurfa að draga af því sem hér gekk á upp úr aldamótum þegar innleiddur var hömlulaus óða-kapitalismi. Og þegar við búum til óða-kapitalisma fáum við óða kapitalista.

Maður skilur það að menn verji hendur sínar, heiður sinn og sæmd. En óneitanlega hvarflar stundum að manni að útrásarvikingarnir hefðu frekar átt að hringja í heimspekinga en lögmenn þegar málin tóku að hrannast upp. Það hefði verið

Sagan er eitthvað á þá leið að sérstakur saksóknari standi fyrir ofsóknum á hendur fyrrverandi bankamönnum og athafnamönnum og Hæstiréttur Íslands taki þátt í þeim, til að friða blóðþyrstan almenn- ing – og náttúrlega Evu Joly, það voðalega kvendi sem stundum er nefnd til sögunnar sem helsti skúrkur Hrunmálanna.

óðýrara og það hefði hjálpað þeim að efna til samræðu við bjóðina, í einlægni og trúnaði, um afgang bóluáranna í stað þess að berjast um á hæl og hnakka með ærnum tilkostnaði og leiðindum, neita öllu, þræta fyrir allt og verjast með lagabvargi eins og höfðingjar á Íslandi hafa gert um aldir. Þeir hefðu kannski komist að raun um að Íslendingar eru alveg til í að hlusta og fyrirgefa, skynji þeir að verið sé að segja þeim satt.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á [greinar@visir.is](mailto:greinar@visir.is) og við komum henni á framfæri hið snarasta.

**Verðmæti til framtíðar**

Ársfundur á 50. afmælisári

#lv50ára



## Verið velkomin á ársfund Landsvirkjunar í Eldborg í Hörpu, þriðjudaginn 5. maí kl. 14–16.

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965. Nýr iðnaður varð til í landinu með aukinni verkþekkingu og fjölbreyttara atvinnulífi. Við byggjum á traustum grunni og höfum einstök tækifæri til að skapa þjóðinni verðmæti til framtíðar.

### Dagskrá:

- Hörður Arnarson forstjóri og Ragna Árna- dóttir aðstoðarforstjóri bjóða gesti velkomna
- Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flytur ávarp
- Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, flytur ávarp
- Jónas Þór Guðmundsson stjórnarformaður **Árangur og áskoranir í 50 ár**
- Hörður Arnarson forstjóri **Verðmæti til framtíðar – í orku og náttúru Íslands**
- Frumsýning á nýrri mynd um upphaf Landsvirkjunar og byggingu Búrfellsvirkjunar

Skráning og bein útsending á [landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is).

# Lífsgæðin betri þegar einangrunin er rofin

Það að vera með geðsjúkdóm er oft erfitt en vonin er mikilvægur þáttur í að geta náð góðum bata ef ekki fullum bata. Það að hitta aðra sem glíma við það sama, að rjúfa einangrun, fá stuðning og skilning styrkir mann.

**HEILBRIGÐIS-  
MÁL**



Eymundur L. Eymundsson  
ráðgjafi

Ýmsar leiðir eru til og ekki allt sem hentar hverjum og einum. En fyrsta skrefið er að fræðast um sinn sjúkdóm og fá hjálp. Að efla þekkingu með fræðslu hefur mikið forvarnargildi í okkar samfélagi. Að geta talað um tilfinningar sínar í staðinn fyrir að berjast á móti straumnum gefur manni betri líðan.

Það að stuðningur komi frá samfélaginu hjálpar einstaklingum og aðstandendum að taka skrefið og fá hjálp. Sem betur fer eru þessi mál að opnast, yngra fólkið og aðstandendur hafa tækifæri á hjálp með þeirri þekkingu sem er á geðsjúkdómum í dag. Áður fyrr var ekki

eins mikil þekking og margir hafa þurft að berjast í gegnum lífið án þess að fá hjálp.

## Grófin – geðverndarmiðstöð

Segja má að Grófin sé ávöxtur grasrótarhóps notenda og fagfólks, sem hittist á vikulegum fundum um tveggja ára skeið. Niðurstaða þeirrar vinnu var að byggja á farsælu starfi Hugarafli í Reykjavík og tók Geðverndarfélagið af skarið sumarið 2013 um að taka á leigu húsnæði að Hafnarstræti 95 og hefja starfseminna alfarið með sjálfbodastarfi, í trausti þess að önnur meginstöð Hugarafli módelisins, launað starf fagaðila, yrði að veruleika í fyllingu tímans með stuðningi opinberra aðila.

Sálfræðingur var svo ráðinn 1. október 2014 og í framhaldi af því lengdum við opnunartímann og er hann í dag frá 10.00 til 16.00.

Hópastarf gengur vel, fræðsla og forvarnir í skólum komnar í undirbúning með forvarnarfulltrúum Akureyrarbæjar. Samstarf við Háskólann og Menntaskólann á Akureyri gengur vel. Vonum að Akureyrarbær muni koma að okkar rekstri en það hefur sýnt sig á þessum stutta tíma hvað þetta er að gera fyrir fólkið.

Við störfum samkvæmt hugmyndafræði valdeflingar (e. empowerment), þar sem áherslan er á að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin bata og að öll vinna fari fram á jafningjagrunni.

## Markmið Grófarinnar

- Að skapa tækifæri fyrir þá sem glíma við geðraskanir til að vinna í sínum bata á eigin forsendum og eigin ábyrgð í samræmi við hugmyndafræði valdeflingar.
- Að skapa vettvang fyrir alla þá sem vilja vinna að geðverndarmálum á jafningjagrunni, hvort sem þeir kallast notendur geðheilbrigðisþjónustunnar, fagaðilar,

aðstandendur þeirra sem glíma við geðraskanir, eða eru einfaldlega áhugamenn um framfarir í geðheilbrigðismálum.

- Að bæta lífsgæði þátttakenda.
- Að efla virkni fólks sem glímir við geðsjúkdóma í hinu daglega lífi.
- Að standa fyrir hópastarfi fyrir notendur og aðstandendur.
- Að standa fyrir fræðslu fyrir notendur og aðstandendur.
- Að stuðla að aukinni þekkingu á bataferlinu með áherslu á að hægt sé að ná bata og að hægt sé að fara fjölbreyttar leiðir í bataferlinu.
- Að miðla von og reynslu milli notenda. Vonin er lykilmátturinn í því að ná bata.
- Að vinna að fræðslu og forvörnum í samfélaginu til að auka skilning og draga úr fordómum gagnvart þeim sem eru að glíma við geðraskanir.
- Að stuðla að bættri nálgun í geðheilbrigðiskerfinu þar sem hugmyndir valdeflingar um notendasýn og bataferli á jafningjagrunni fái auknið vægi.

→ Sem betur fer eru þessi mál að opnast, yngra fólkið og aðstandendur hafa tækifæri á hjálp með þeirri þekkingu sem er á geðsjúkdómum í dag.

Innan Grófarinnar starfar einnig Unghugahópur og aðstandendahópur.

Nýliðakynningar eru á föstudögum frá 13.00-14.00 en annars er alltaf hægt að hringja í síma 462-3400, hvenær sem er á opnunartíma, eða senda fyrirspurnir á grofin@outlook.com og verður svarað eins fljótt og hægt er.

Grófin er til húsa í Hafnarstræti 95., 4. hæð, á Akureyri, fyrir ofan Apótekarann í göngugötunni. Opnunartími er alla virka daga frá 10.00-16.00.

<https://grofin.wordpress.com/>  
Höfundur komst úr myrkrinu með góðri hjálp.

# Áhyggjufullir læknanemar

## MENNTUN

Auður Jóna Einarsdóttir  
Ásgeir Þór Magnússon  
Erna Markúsdóttir  
Þórdís Magnadóttir  
Þórunn Elísabet Michaelsdóttir  
læknanemar

Kæri Illugi Gunnarsson.

Í Slóvakíu situr áhyggjufullur hópur læknanema. Okkur langar að koma á framfæri vangaveltum okkar í kjölfar nýrra úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Fyrir þremur árum hófu fyrstu nemendurnir nám við Comenius-háskóla – stærsta háskóla í Slóvakíu. Bæst hefur í hópinn síðustu ár og stunda nú um 70 íslenskir stúdentar nám við skólann.

Nýjustu úthlutunarreglur LÍN hafa sett ófyrirséð strík í reikninginn fyrir læknanema í Slóvakíu. Brugðið hefur verið fæti fyrir nemendur með nánast 19% skerðingu á framfærsluláni síðustu tvö árin. Nemendur hófu hér nám á

ákveðnum forsendum sem nú hafa algjörlega brostið. Í kjölfar þessarar skerðingar sjáum við ekki fram á að ná endum saman. Húsnæði og matvara fer hækkandi í Evrópu, en lán okkar lækkandi. Ferðalán var afnumið á síðasta ári sem gerir nemendum erfitt fyrir að afla tekna yfir sumartímann á Íslandi. Þar að auki eru möguleikar á tekjuöflun í Slóvakíu á meðan á námi stendur nánast engir. Það liggur því í augum uppi að dæmið er ekki rétt reiknað.

Í Slóvakíu gefst möguleiki á að útskrifa um 20-30 íslenska lækna á ári. Nemendur þurfa þó að sjálf-sögðu að geta reitt sig á LÍN til framfærslu á meðan á námi stendur. Þau lán munu greiðast til baka þegar útskrifaðir lækna koma til starfa á Íslandi að námi loknu. Á Íslandi skortir enn lækna og því ætti þessi kostur að fá meiri meðbyr og stuðning frá íslenska ríkinu.

Sá góði kostur sem gefist hefur að mennta lækna erlendis mun lognast út af með þessu áframhaldi. Fjöl-

→ Nýjustu úthlutunarreglur LÍN hafa sett ófyrirséð strík í reikninginn fyrir læknanema í Slóvakíu.

breytni í menntun, þekkingu og reynslu er af hinu góða.

Við erum um 70 læknanemar í Slóvakíu sem hafa orðið fyrir barðinu á skerðingunni. Úthlutunarkjör, viðmót og rök af höndum LÍN í okkar garð hafa því miður verið til skammar. Við köllum eftir því að þú, Illugi Gunnarsson, ásamt ráðamanni frá LÍN komir til fundar við okkur og ræðir við okkur læknanema í Slóvakíu.

Þar viljum við að eftirfarandi komi fram:

- 1 Hvernig réttlætið þið áframhaldiandi skerðingu framfærslulána til námsmanna erlendis?
- 2 Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að við megum við meiri skerðingu á framfærslu hér og á hverju byggjast rök ykkar fyrir því?

# Svefnlyfjanotkun á Hrafnistu minnkar

Lyfjanotkun heimilisfólks á íslenskum öldrunarheimilum hefur verið talsvert í umræðunni að undanförunu, einkum notkun svefn- og róandi lyfja. Af því tilefni vill undirritaður gera nokkra grein fyrir þeirri þróun sem átt hefur sér stað á Hrafnistuheimilunum undanfarin ár, þar sem regluleg endurskoðun á lyfjanotkun hefur verið hluti af gæðastarfinu. Síðustu sjö ár hafa verið notaðar upplýsingar frá Lyfjaveri og Lyfju, sem sinna lyfjaskömmun á Hrafnistu, um lyfjanotkun heimilisfólks. Með þeim upplýsingum fæst gott yfirlit sem er m.a. nýtt til að tryggja sem best eftirlit með ákveðnum varasömum lyfjum eða lyfjum sem kalla á reglubundið blöðprufueftirlit.

Lyfjaeftirlitskerfi Hrafnistu auðveldar læknum og hjúkrunarfræðingum að skoða þróun lyfjanotkunar, auka öryggi í meðferð og stuðla að hagkvæmni. Með öryggi í meðferð er m.a. átt við eftirlit með lyfjum sem vegna aukaverkana eru sérlega varasöm hjá öldruðum og lyf þar sem ráðlagt er að regluleg blóðrannsókn sé gerð sem hluti af eftirliti. Það á við lyfjameðferð um tveggja þriðjunga heimilismanna, þar sem fyrst og fremst er um að ræða ákveðin hjartalyf, hormónalyf, geðlyf og flogaveikilyf. Við þessa vinnu er tekið mið af lyfjagæðavísun Landlæknis.

## Dregið úr óþarfa fjölyfjanotkun

Í megindráttum fylgir Hrafnista þeirri stefnu að draga eins og kostur er úr óþarfa fjölyfjanotkun heimilisfólks og notkun ákveðinna lyfja sem hafa óviðunandi aukaverkanir eða skila takmörkuðum ávinningi til að bæta líðan. Með minnkaðri lyfjagjöf er þó heilsu eða öryggi viðkomandi aldrei teft í tvísýnu með nokkrum hætti. Markmiðið er ávallt að auka lífsgæði heimilismanna.

Meginniðurstaða eftirlits er sú að þrátt fyrir að einstaklingar komi nú veikari en áður á Hrafnistu hefur heildarlyfjanotkun minnkað á undanförunum árum. Sem dæmi um árangurinn má nefna að líklega er nú óviðá notað minna af geðrofslyfjum en hjá Hrafnistu, eins og fram kemur í gögnum Landlæknisembættisins. Undanfarin ár hefur sömuleiðis dregið verulega úr notkun svefn- og róandi lyfja við sérstakt átak í þeim málum síðustu 3-4 ár. Svefnlyf í hófi geta hjálpað, sérstaklega til að rjúfa víthring svefnleysis. Að sama skapi er langvarandi

**HEILBRIGÐIS-  
MÁL**



Sigurður Helgason  
forstöðulæknir  
Hrafnistu

→ Lyfjaeftirlitskerfi Hrafnistu auðveldar læknum og hjúkrunarfræðingum að skoða þróun lyfjanotkunar, auka öryggi í meðferð og stuðla að hagkvæmni.

notkun þeirra talin gagnslaus og getur auk þess verið skaðleg. Þau geta haft í för með sér þreytu og syfju að degi til, skert jafnvægissskyn og auknið hættu á byltum og beinbrotum.

## Virkt og stöðugt eftirlit

Reglubundin skoðun á lyfjanotkun með tilliti til lyfjagæðavísa, meðal annars m.t.t. varasamra aukaverkana, og hagkvæmni er viðvarandi þáttur í gæðavinnu á Hrafnistu. Fjölmeiri lyfjagæðavísar eru notaðir erlendis við mat á lyfjameðferð og er víða stuðst við þá á íslenskum öldrunarheimilum. Fylgst er náið með notkun ýmissa lyfja s.s. geðrofslyfja, lyfja við þunglyndi og bólgueyðandi gigtar-lyfja, og síðast en ekki síst svefn- og róandi lyfja, sem tilhneiging er til ofnotkunar á. Hér er einungis fátt eitt upp talið.

## Viðvarandi vinna – aukin vellíðan

Það er væntanlega regla á öllum öldrunarheimilum að lyfjanotkun allra verðandi heimilismanna sé yfirfarin við komu og síðan reglulega eftir það. Markmiðið er að bæta lyfjameðferð, en það byggist á samvinnu og áhuga heilbrigðisstarfsmanna, heimilisfólks og jafnvel ættingja. Vinnan krefst endurtekinna viðtala við hvern og einn heimilismann og oft aðstandendur hans. Markmiðið er ávallt hið sama: Að auka lífsgæði íbúa, viðhalda eða auka öryggi viðkomandi og gæta hagkvæmni. Einna erfiðast er að minnka eða stöðva langvinna notkun svefn- og róandi lyfja. Á því sviði hefur þó náðst mikilvægur árangur sl. ár þrátt fyrir á stundum talsverða mótsþyrnu notenda og ættingja. Gjarnan stafar hún af ótta við afleiðingar þess að hætta notkun lyfjanna. Í langflestum tilvikum reynist slíkt ástæðulaust því reynslan sýnir að þessi viðvarandi vinna hefur að jafnaði í för með sér aukna vellíðan íbúa og ánægju meðal aðstandenda. Stóran þátt í þeim árangri sem náðst hefur má rekja til skilvirks eftirlits. Það staðfestir m.a. reglulegt eftirlit sem Landlæknisembættið hefur með öldrunarheimilum landsins.



*Hjálpaðu okkur að hjálpa öðrum!*

Markaður Samhjalpar (second hand store) Ármúla 11, Rvk.

Opnunartími alla virka daga frá kl. 11-18.

Tökum á móti gjöfum á opnunartíma, nánari upplýsingar í s: 842-2030

Allur ágóði markaðarins rennur til úrræða Samhjalpar.

Við eru með læk síðu á facebook: Nyttjamaður Samhjalpar og [www.samhjalp.is](http://www.samhjalp.is)



**Samhjálp**



# SPENNANDI SUMARSTÖRF FYRIR NÁMSMENN

## Velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun auglýsa 230 störf

sem eru opin öllum námsmönnum  
sem eru á milli anna eða skólastiga.  
Störfín eru hluti af tímabundnu  
átaksverkefni á vegum ráðuneyta  
og undirstofnana þeirra.



Opnað verður fyrir umsóknir á vef Vinnumálastofnunar  
[www.vmst.is](http://www.vmst.is) mánudaginn 4. maí. **Umsóknarfrestur er til 18. maí.**  
Nánari upplýsingar um störfín, hæfniskröfur, tengiliði og fleira er að  
finna á vef Vinnumálastofnunar, [www.vmst.is](http://www.vmst.is)

Á heimasíðu  
**Vinnumálastofnunar**  
er einnig hægt að finna  
yfirlit yfir þau sveitarfélög  
sem bjóða um 135 sumar-  
störf fyrir námsmenn og  
atvinnuleitendur á grunni  
þessa verkefnis.

### Dæmi um störf:

<b>Nýsköpunarmiðstöð Íslands</b> Steypurannsóknir – Rýrnun og skrið	<b>Háskóli Íslands</b> Öflun gagna um kvennamorð á Íslandi sl. 30 ár	<b>Umhverfisstofnun</b> Aðstoð við umsjón sjálfbærliðastarfs
<b>Þjóðskjalasafn Íslands</b> Skjalalestur	<b>Landspítalinn</b> Skráning vísindagagna	<b>Kvikmyndasafn Íslands</b> Aðstoðarmaður á pappírseild
<b>Stofnun Árna Magnússonar</b> Samræming gagna um setningargerð og rökliði sagna	<b>Keilir</b> Umsjónarmaður Tækni- og vísindasmiðju Keilis	<b>Innheimtustofnun sveitarfélaga</b> Þjónustufulltrúi með tungumálakunnáttu
<b>Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið</b> Innleiðing Evróputilskipana	<b>Listasafn Íslands</b> Lifandi safn – fræðslufulltrúi	<b>Sýslumaðurinn á Egilsstöðum</b> Skjalastjórn, skönnun og afgreiðsla
<b>Tilraunastöð HÍ</b> í meinafræði að Keldum Búmaður	<b>Háskóli Íslands</b> Aðstoð við rannsóknir á sviði hamfararannsóknna	<b>Geislavarnir ríkisins</b> Eðlisfræðinemi



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki

## MERKISATBURÐIR

**1106** Jón Ögmundsson er vígður fyrsti biskupinn á Hólum.

**1672** Loðvík 14. ræðst inn í Holland.

**1899** Kristilegt félag ungra kvenna, KFUK, stofnað á Íslandi.

**1916** Bretar brjóta Páskauppreisnina á Írlandi á bak aftur.

**1967** Breskur togari í haldi vegna landhelgisbrots siglir úr höfn í Reykjavík með tvo íslenska lögregluþjóna um borð áleiðis til Bretlands. Hann næst síðar um daginn.

**1992** Uppþot verða í Los Angeles í kjölfar þess að á myndband næst hvernig lögreglumenn ganga í skrokk á Rodney King.

**1997** Alþjóðlegi efnavopnasamningurinn tekur gildi og skyldar aðilarlíki til að hætta þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna.

**2005** Sýrlendingar yfirgefa Líbanon eftir að hafa haft hernaðarlega viðveru þar í 29 ár.



**2011** Stórt brúðkaup er haldið í London þegar Vilhjálmur prins gengur að eiga Katrínu Elísabet Middleton.

## PETTA GERÐIST: 4. MAÍ 1981

# Hönd var grædd á stúlku á Íslandi

Rögvaldur Þorleifsson læknir, ásamt fleira starfsfólki á Borgarspítalanum, græddi hönd á stúlku þennan dag árið 1981. Slíkt var einsdæmi hér á landi.

Stúlkan hafði lent í vinnuslysi í hausningavél í söltunarstöð Miðness hf. í Sandgerði. Hægri hönd hennar fór nær alveg af rétt ofan við úlnlið.

Svo heppilega vildi til að héraðslæknir var staddur í Sandgerði og bjó hann um sár stúlkunnar til bráðabirgða. Hún var síðan flutt í snarhasti á Slysadeild Borgarspítalans og var þar í aðgerð á skurðarborðinu langt fram á nótt eða samtals í fjórtán klukkustundir.

Strax eftir að hún vaknaði gat stúlkan hreyft fingur hægri handar og var hin hressasta.



**STÓRAFMAELI FÉLAGSINS** Karl segist vonast til að hljómplatan til styrkar félaginu rati inn á öll heimili.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR

# Styrkja hjartveik börn og fjölskyldur þeirra

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, heldur upp á tuttugu ára afmæli sitt með tónleikum og útgáfu á geisladiski og safnar um leið fyrir fjölskyldum barna með hjartagalla.

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, fagnar tuttugu ára afmæli sínu í ár og stendur fyrir tónleikum í tilefni þess. „Neistinn hefur tvö konar tilgang. Annar er sá að styðja við og styrkja hjartveik börn og ungmenni félagslega. En hlutverk félagsins er einnig að veita fjölskyldum hjartveikra barna fjárhagsstuðning,“ segir Karl Roth, varaformaður Neistans.

„Fjölskyldur barna með hjartagalla þurfa margs konar stuðning. Félagsglega hliðin er gríðarlega mikilvæg enda er mikill styrkur sem fylgir því að vera í kringum fólk í svipaðri stöðu,“ segir Karl. Hann segir þó fjárhagslegan stuðning ekki síður mikilvæg. „Mörg börn verða að fara til útlanda í aðgerðir og oft verður talsvert vinnutap hjá foreldrum. Einnig er mikill peningur sem fer í ferðalög og

aðgerðir og svo eru margir sem búa úti á landi og verða að ferðast reglulega í bæinn, með tilheyrandi vinnutapi og fjárútlátum,“ segir Karl.

Tónleikarnir sem félagið stendur fyrir eru haldnir til að vekja athygli á félaginu og til að safna peningum til styrktar börnunum í leiðinni.

Félagið fagnar stórafmælinu með tónleikum fimmtudaginn 7. maí. „Deir verða haldnir á Café Rosenberg klukkan hálfnú. Fimm tónlistarmenn stíga á svið og við köllum þá Fimm karlar á palli,“ segir Karl. Þar koma fram Skúli mennski, Bjartmar Guðlaugsson, Teitur Magnússon, Jóhann Helgason og KK.

Ásamt því að standa fyrir tónleikum gefur félagið út geisladiskinn „Komdu kisa mín“. „Diskurinn skartar lögum eftir Jóhann Helgason við þekktar

**„Einnig er mikill peningur sem fer í ferðalög og aðgerðir og svo eru margir sem búa úti á landi og verða að ferðast reglulega í bæinn, með tilheyrandi vinnutapi og fjárútlátum.“**

kisuvísur sem komu út á vínul árið 1982 en hefur verið uppseldur í langan tíma. Diddú syngur lögin og Ragnhildur Gísladóttir sér um bakraddir og útsetningu á lögnum,“ segir Karl. Diskurinn verður til sölu á tónleikumunum og hjá félaginu. Allur ágóði rennur til styrktar hjartveikum börnum. „Við vonumst til að þessi diskur rati inn á hvert heimili,“ segir Karl.

-ag



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**LISELOTTE E. HJÖRDÍS JAKOBSDÓTTIR**  
hjúkrunarfræðingur,  
Hólmvaði 8a, Reykjavík,



lést á hjartadeild Landspítalans 25. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram föstudaginn 8. maí kl. 13.00 frá Árbæjarkirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Holger Markus Hansen**  
Iris Hansen  
Sonja Hansen  
Laufey María og Eyrún Sara

**Snorri Páll Davíðsson**  
Bragi Þór Bjarnason



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN KRISTINSDÓTTIR**  
kjólameistari,  
Hólmgarði 42, Reykjavík,



andaðist á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 22. apríl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 5. maí kl. 13.00.

**Ægir Ingvarsson**  
Örn Ingvarsson  
Björk Ingvarsdóttir  
Sigurbjörg Ingvarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Ásta Dóra Valgeirsdóttir**  
Hildur Halldórsdóttir  
Trausti Hallsteinsson  
Sigurður Rúnar Jónsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**MARÍA FRÍÐRIKSDÓTTIR**  
Sólvillum 13,  
Selfossi,



sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir að morgni þriðjudagsins 21. apríl, verður jarðsöngin frá Selfoskirkju miðvikudaginn 6. maí klukkan 14.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Hafþór Magnússon**  
Einar Baldvín Sveinsson

**Sólveig Höskuldsdóttir**  
Jóna Sólmundsdóttir  
Guðný María Hauksdóttir  
Guðmundur Örn Böðvarsson

**Kristín Fjóra Bergþórsdóttir**  
og barnabörnin öll.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BARNAHÁTÍÐ Í REYKJANESBÆ

Barnahátíð verður haldin í niunda sinn í Reykjanesbæ 7.-11. maí. Boðið verður upp á margs konar viðburði fyrir börn og foreldra. Söfnin í bænum, leik- og grunnskólar ásamt öðrum stofnunum sem og íþróttafélög, tómstundafélög og menningarfélög taka virkan þátt í hátíðinni.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



## HJARTAÐ SLÆR Í ELDHÚSINU

**FALLEGT HEIMILI** Linda Benediktsdóttir keypti fokhelt hús fyrir einu og hálfu ári. Hún hefur síðan dundað sér við það að gera húsið fallett.

Uppáhaldsherbergi Lindu Benediktsdóttur í húsinu hennar er eldhúsið. Það er staðurinn sem fólk leitar í að vera á þegar það kemur í heimsókn. „Hjarta heimilisins slær einfaldlega í eldhúsinu. Auk þess er helsta áhugamál mitt að baka makkarónur og ég hef gaman að því að deila afkrastinum á Facebook-síðunni minni Franskar Makkarónur.“

**Áttu þér einhvern uppáhaldshlut?** Hrærivélin er í miklu uppáhaldi hjá mér. Mér finnst æðislegt að vera í eldhúsinu og útbúa kræsingar fyrir fjölskylduna. Ég geri mjög mikið af því að baka og geri það oft þegar mig langar að gera eitthvað skemmtilegt heima.


**Hugsar þú mikið um hönnun heimilisins?** Já, mér finnst mikilvægt að heimili séu vel hönnuð. Það er mikill kostur að mínu mati þegar eldhúsið er opið, það eykur flæðið á heimilinu. Góð hönnun á heimilinu gerir heimilislífið mikið líflegra og skemmtilegra.

**Hvernig stíl ertu hrifnust af?** Ég er mjög mikið fyrir einfaldan og stílhreinan stíl. Svart, hvítt og víður í bland við milda liti. Ég er svo með lifandi plöntur til þess að auka hlýleika og gefa heimilinu ferskan blæ. Það er líka gaman að hafa gamla muni sem hafa erfst í gegnum fjölskylduna, það gefur heimilinu karakter.

**Ertu mikið fyrir að breyta?** Já, það er gaman að færa til hluti á heimilinu og finna nýja uppröðun á hlutum. Oft verð ég alveg ástfangin af breytingunum og skil hreinlega ekki af hverju ég hafði ekki haft hlutina svona fyrir. Síðan verð ég leið á þeirri uppröðun og geri eitthvað nýtt. Set gömlu hlutina ofan í skúffu og tek aðra hluti upp sem hafa verið í pásu. Þannig nær maður að endurnýta hlutina svolítið.

**Hvernig skreytir þú heimilið þitt?** Ég er ekki mikið fyrir skraut eða að hafa mikið af hlutum uppi í einu. Þegar ég geri heimilið mitt sérstaklega fínt þá kaupir ég afskorin blóm og set í fallega blómvasa.

**Hvað var síðast keypt fyrir heimilið?** Síðustu kaupin voru flisar á forstofu og baðherbergin. Við keyptum okkur fokhelt hús 2013 og fluttum inn í það hálfklárað tveimur vikum áður en sonur okkar fæddist. Við höfum síðan þá verið að vinna í að klára húsið og gera það fínt.



**SMEKKKONA** Linda á fallett heimili og lítinn son sem er gullmolinn í lífi hennar. MYNDR/VALLI

**Hvað langar þig helst í?** Það á mikið eftir að kaupa inn af nauðsynlegum hlutum á heimilið, til dæmis gólfista. En af þessum finu en ekki svo nauðsynlegu hlutum þá dreymir mig um að eignast stringhillu inn í eldhús. Louis Poulsen-lampar ▶

## TUDOR RAFGEYMAR

Veldu öruggt start með nýjum TUDOR



**TUDOR** SKORRI **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

## SÓFADAGAR

NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM



**INNOVATION™**

**Svefnsofi Cube 140 Deluxe**

Stærð svefnflatar 140x200 cm  
Litir: Ljóst / dökkt  
Verð kr. 199.000.-

Nú aðeins kr. 129.935

Einnig fáanlegur í 90 cm og 200 cm breidd

**Þægilegur svefnsofi m/tungu**

Stór rúmfatageymsla  
Auðveldur í notkun  
Stillanlegir höfuðpúðar  
Þykkt gæðaleður

Stærð: Breidd: 244 cm  
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm

Kynningarverð aðeins kr.

**299.900**



**10-35%**  
afsláttur af nokkrum eldri gerðum

**12 mán.**  
vaxtalausar greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald

**Svefn & heilsa**

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

GERÐU GÆÐA - OG VERÐSAMANBURÐ

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# OptiBac probiotics

## Flatur magi á sjö dögum

One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.



„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu.“

Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.

Fæst í apótekum og heilsubúðum



eru líka mjög ofarlega á óskalistanum.

**Stendur þú í einhverjum framkvæmdum á heimilinu?** Núna er forgangsatriði hjá okkur að klára að flísaleggja.

**Ertu dugleg að bjóða gestum heim?** Þar sem heimilið er frekar stórt er mjög auðvelt að bjóða fólki í heimsókn. Það verður líka oft fyrir valinu að vera heima hjá mér þegar það á að elda saman í vínahópnum því eldhúsið rúmar svo marga.

**Hvernig hefur þú það huggulegt heima?** Ég kveiki á kertum, sest upp í sófa með rauðvínsglas og svo skemmir ekki fyrir ef ég er í góðum félagsskap.

**Ertu hrifin af einhverjum ákveðnum hönnuðum?**

Ég er mjög hrifin af hönnun Charles & Ray Eames og væri til í flest allt frá þeim. Ég hef alltaf verið hrifin af Louis Poulsen-ljósunum. Svo er ég mjög hrifin af íslenskri hönnun eins og lhanna home, Sveinbjörgu og Tulipop.



**STÓLAR FRÁ EAMES** Linda er hrifin af hönnun Eames-hjónanna og væri til í að eiga flest allt frá þeim.




**UPPÁHALDSLUTURINN** Eitt helsta áhugamál Lindu er makkarónubakstur og hrærivélin því í uppáhaldi.



**SMÁDÓT** Linda endurnýtir skrautmuni með því að gefa þeim pásu og setja þá ofan í skúffu. Þá virka þeir eins og nýir þegar þeir eru teknir fram.



**STÍLHREINT** Stíll Lindu er einfaldur og stílhreinn. Hún er hrifin af svörtu og hvítu í bland við milda liti.



